



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGGJAFARDEILD



Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 - 2007

Rannsóknarskýrsla



Elísabet Karlsdóttir (ritstjóri) og Ásdís A. Arnalds

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir Barnaverndarstofu

September 2012

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

ISBN: 978-9935-9075-1-6

Útgáfuár, september, 2012

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa

www.rbf.is

Forsíðumynd: Sverrir Karlsson

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	1
Samantekt á helstu niðurstöðum	2
Inngangur	3
<i>Lagaleg umgjörð og starfshættir meðferðarheimila</i>	4
Markmið rannsóknar	8
Framkvæmd og heimtur	8
Úrvinnsla	11
Niðurstöður könnunar meðal barna	12
<i>Bakgrunnur og hagi barnsins</i>	12
<i>Meðferðarheimilið</i>	23
<i>Reynslan af dvölinni</i>	26
<i>Stuðningur eftir að dvölinni lauk</i>	38
<i>Afdrif</i>	41
<i>Hvað einkenndi dvölinna á meðferðarheimilinu?</i>	50
Niðurstöður könnunar meðal aðstandenda	55
<i>Bakgrunnur og hagi aðstandenda</i>	55
<i>Meðferðarheimilið</i>	57
<i>Hagi barnsins</i>	61
<i>Reynslan af dvölinni</i>	69
<i>Stuðningur eftir að dvölinni lauk</i>	82
<i>Afdrif barnsins</i>	85
<i>Hvað einkenndi dvöl barnsins á meðferðarheimilinu?</i>	102
Samanburður á niðurstöðum meðal barna og aðstandenda	105
<i>Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um bakgrunn og hagi barnsins</i> ..	105
<i>Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um dvölinna á meðferðarheimilinu</i>	111
<i>Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um afdrif barnsins</i>	119
Samantekt, ályktanir og umræða	129
<i>Bakgrunnur þátttakenda</i>	129
<i>Upplifun af dvölinni á meðferðarheimilinu</i>	130
<i>Afdrif ungmennanna eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk</i>	131
<i>Ályktanir og umræða</i>	132
Heimildir	135

SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Sú sýn sem bæði börn og aðstandendur miðla í könnuninni um reynslu sína af meðferðarheimilunum og dvöl barnanna þar má almennt teljast jákvæð. Þeir annmarkar sem fram koma um meðferðarheimilin og dvölinu þar eru að eftirmeðferð er ekki alltaf til staðar. Þau atriði þar sem samræmi er ekki á milli svara barna og foreldra um dvölinu á meðferðarheimilinu eru fyrst og fremst þegar kemur að hversu vel meðferðin gagnaðist barninu, en þar eru foreldrarnir mun jákvæðari en börnin.

Í hnotskurn segja niðurstöðurnar um reynslu og núverandi stöðu ungmennanna þetta:

- Vandí barna sem eru vistaðir á meðferðarheimili er fjölpættur
- Skólaganga þeirra er brotin og menntunarsaða veik. Þau standa þar hallari fæti en jafnaldrar almennt
- Staða þeirra á vinnumarkaði er verri en meðal jafnaldrar almennt
- Ungmennin þiggja opinbera fjárhagsaðstoð og/eða örorkubætur í meira mæli en jafnaldrar almennt
- Ungmennin (og þá sérstaklega stúlkur) flytja að heiman og mynda fjölskyldu/eignast barn fyrir en jafnaldrar almennt
- Reynsla ungmenna af dvöl á meðferðarheimili er almennt jákvæð
- Tengsl við starfsmenn eru almennt jákvæð, styðjandi og farsæl
- Um tveir þriðju dvöldu áætlaðan meðferðartíma en þriðjungur rauf meðferð
- Meirihluta fannst meðferðin hafa hjálpað við að takast á við vanda sem glímt var við
- Yfirleitt var lítið um ofbeldi inni á meðferðarheimilunum og sumt ofbeldi sem ungmenni sögðust hafa orðið fyrir af hendi starfsmanns var talið hluti af því að stoppa óæskilega hegðun barns. Í þeim tilfellum sem greint var frá ofbeldi var það bundið við ákveðin heimili
- Ungmenni hafa jákvæðari sýn á stuðning frá foreldrum og fjölskyldu (70%) en vinum (44%) eftir meðferð
- Lítil hluti (23%) ungmenna naut skipulagðar eftirfylgdar í kjölfar dvalar en meirihluti þeirra sem fóru í eftirmeðferð taldi hana hafa hjálpað sér við að takast á við þann vanda sem þau áttu við
- Hátt hlutfall pílta (41%) hefur setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi að lokinni meðferð og um helmingur ungmenna sótti vímuefnaeðferð og/eða aðstoð vegna tilfinningalegra erfiðleika eftir að dvöl lauk. Þetta getur bent til að sum ungmennin taki upp sína fyrri siði eftir meðferðina.

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um rannsókn á afdrifum, velferð og líðan barna er dvöldu á níu meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, þ.e. Hvítárþakka, Árbót, Bergi, Laugalandi, Geldingalæk, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni á árunum 2000 til 2007 (bæði ár meðtalin) sem og Meðferðarstöð ríkisins á Stuðlum. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd framkvæmdi rannsóknina og skýrslan er unnin af sérfræðingum hennar. Elísabet Karlsdóttir hafði umsjón með verkefninu, sá um einstaka verkþætti þess og ritstýrði skýrslunni. Annar höfundur skýrslunnar, Ásdís A. Arnalds var aðferðafræðilegur sérfræðingur við framkvæmd rannsóknarinnar. Verkefnið naut sérfræðiráðgjafar Sigrúnar Júlíusdóttur, m.a við frágang skýrslunnar. Rannsóknin sem hér liggur fyrir var unnin í tveim hlutum, fyrri hluti á árinu 2010 og síðari á árinu 2011 eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla um aðferðir.

Hér á eftir er gerð grein fyrir verkefninu í sex köflum. Í inngangskafla þessum er að finna lýsingu á starfsemi og starfsháttum framangreindra meðferðarheimila ásamt lagalegri og rekstrarlegri umgjörð þeirra. Í öðrum, þriðja og fjórða kafla er gerð grein fyrir markmiði og aðferð rannsóknarinnar, en hún var framkvæmd annars vegar meðal barna og hins vegar meðal aðstandenda barna sem dvöldu á meðferðarheimilunum á þessu átta ára tímabili (2007 er meðtalið). Í fimmta hluta er að finna niðurstöður rannsóknarinnar meðal barna og í sjötta kafla eru settar fram niðurstöður könnunarinnar meðal aðstandenda barnanna. Greint er frá afstöðu barna og aðstandenda þeirra til hinna ýmsu þátta sem snúa að meðferðarheimilunum, reynslu af dvölinni og afdrifum þeirra er þar voru vistaðir. Í sjöunda kafla eru svo niðurstöður meðal barna og aðstandenda bornar saman. Að lokum hefur skýrslan að geyma samantekt á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar ásamt umræðu og ályktunum um þær.

Flest, eða sjö heimilanna eru langtímameðferðarheimili sem bjóða/buðu upp á eins árs meðferð. Þetta eru Hvítárþakki, Árbót, Berg, Laugaland, Geldingalækur, Torfastaðir og Jökuldalur. Háholt býður upp á sex mánaða meðferð, en dvöl/meðferð í Götusmiðjunni var skemmri. Öll eru/voru þessi meðferðarheimili rekin á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu. Við upphaf þess tímabils sem hér um ræðir (þ.e. árið 2000) var starfsemi á öllum níu meðferðarheimilunum, en aðeins tvö þeirra eru enn starfrækt, þ.e. Laugaland og Háholt. Meginástæða þessarar fækkunar er minnkandi eftirspurn. Hana má fyrst og fremst rekja til þess að meðferðarúrræði innan sérhæfðra heimila hafa vikið fyrir þróun nýrra meðferðarúrræða. Þá hefur heimilum verið lokað vegna alvarlegra atburða sem þar áttu sér stað (Ríkisendurskoðun, 2011). Hér er annars vegar átt við Götusmiðjuna sem var lokað árið 2007 (t.d. vegna vanefnda á samningi) og hins vegar Árbót en þar kom upp ofbeldi af hálfu starfsmanns sem fór sína leið í gegn um dómsskerfið (Ríkisendurskoðun, 2011). Auk þess að fjalla um afdrif barna sem dvöldu á ofangreindum

meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, er hér fjallað um afdrif barna sem dvöldu á Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum. Þar fer fram sérhæfð greining og meðferð og möguleiki er á neyðarvistun í bráðatilvikum.

Það hefur í vaxandi mæli verið stefna Barnaverndarstofu að aðstoða börn til hins ítrasta og í lengstu lög á sínum heimavelli í stað þess að vista þau fjarri fjölskyldu sinni. Hið sama má segja um stefnu barnaverndarnefnda sveitarfélaganna. Stefna þessi er bæði í samræmi við niðurstöður rannsókna á því hvers konar meðferð skilar árangri og við þá stefnu sem hefur verið tekin á Norðurlöndunum og víðar. Hin nýja stefna tengist breyttum faglegum áherslum þar sem horfið er frá stofnunarvistun í átt að opnari og lýðræðislegri meðferðarnálgun (Andreassen, 2003). Þetta hefur leitt til þess að aðeins þrjú þessara meðferðarheimila starfa enn. Öðrum hefur verið lokað og önnur meðferðarúrræði sett á laggirnar (Barnaverndarstofa, 2008).

Lagaleg umgjörð og starfshættir meðferðarheimila

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er ríkinu gert að hafa tiltækar stofnanir og heimili fyrir börn sem hafa verið í afbrotum, sýna alvarlegan hegðunarvanda og/eða eru talin vera í vímuefnaneyslu. Á þeim stofnunum á að veita börnum móttöku í bráðatilvikum, greina vanda þeirra og veita sérhæfða meðferð. Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón með rekstri og eftirliti með öllum heimilum og stofnunum sem ríkið rekur fyrir börn, og veitir þeim ráðgjöf eftir þörfum. Í yfirumsjóninni felst þannig bæði faglegt og fjárhagslegt eftirlit (Barnaverndarlög nr. 80/2002, Reglugerð með Barnaverndarstofu, 264/1995). Aðeins barnaverndarnefndir sveitarfélaga landsins geta vistað börn á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu. Því þurfa barnaverndarnefndir að senda Barnaverndarstofu umsóknir um vistun fyrir börnin og bera þannig um leið ábyrgð á vistun og dvöl barnanna.

Til hægðarauka verður héðan í frá talað um meðferðarheimili en ekki stofnanir þrátt fyrir að Stuðlar hafi frekar yfirbragð stofnunar. Þess skal getið að öll heimilin nema Stuðlar voru rekin á grundvelli þjónustusamninga. Barnaverndarstofa gerði þjónustusamning við einkaaðila um rekstur meðferðarheimilanna. Þessir einkaaðilar sem höfðu rekstur heimilanna með höndum gegndu í öllum tilvikum störfum forstöðumanna og voru jafnframt meðferðaraðilar (Steinunn Jóhanna Bergmann, 2010).

Eins og áður segir sinnir Barnaverndarstofa bæði eftirliti og ráðgjöf með meðferðarheimilum sem starfrækt eru á hennar vegum. Eftirlitið, samanber Reglugerð með Barnaverndarstofu, 264/1995, má greina í tvennt. Annars vegar er um að ræða svonefnt *innra eftirlit*. Í því felst eftirlit með framkvæmd þjónustusamninga við heimilin sem og líðan barnanna og framvindu meðferðar en inn í það eftirlit fléttast ráðgjöfin. Hins vegar er um að ræða *ytra eftirlit*, sem sjálfstætt starfandi, þ.e. utanaðkomandi, sérfræðingur hefur með höndum. Í því felst reglulegt faglegt eftirlit á

meðferðarheimilunum. Það þjónar því markmiði að tryggja gæði ytri aðbúnaðar og að farið sé að lögum hvað snertir vistunarferlið (Reglugerð með Barnaverndarstofu, 264/1995).

Sem liður í *innra eftirliti* heimsækja starfsmenn Barnaverndarstofu hvert meðferðarheimili þrisvar á ári. Í heimsóknunum er starfsemi heimilanna skoðuð og gengi, aðstæður og líðan einstakra barna metin. Þá er rætt við meðferðaraðila um innra starf, skóla- og starfsmannamál, inn- og útskriftir barna o.fl. Einnig er rætt við börnin og lögð fyrir þau viðhorfskönnun þar sem þeim gefst m.a. kostur á að tjá sig um eigin líðan, meta eigin framfarir og segja skoðun sína á því sem þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Markmiðið með viðhorfskönnunum var einnig að geta gripið fljótt inni ef það væri eitthvað sem mætti betur fara. Gefa þessar kannanir vísbendingar um viðhorf, líðan og upplifun barna sem dvöldu á meðferðarheimilum á þessu tímabili.

Í töflu í má sjá hvaða meðferðarheimili voru starfrækt á vegum Barnaverndarstofu á umræddu tímabili þ.e. 2000-2007 (nínu meðferðarheimili og Stuðlar, hér eftir öll kölluð meðferðarheimili). Ártölin tilgreina starfstíma heimilanna. Þau heimili sem eru merkt (F) voru svokölluð fjölskylduheimili, þar sem meðferðaraðilar sem einnig voru rekstraraðilar, bjuggu á meðferðarheimilinu með vistbörnum ásamt eigin börnum. Einnig er uppgefinn meðaldvalartími barna á hverju heimili fyrir sig árið 2006 sem er lýsandi fyrir umrætt tímabil. Um fjölda rýma á hverju heimili fyrir sig er getið í sviga á eftir nafni heimilisins (Barnaverndarstofa 2000, 2002, 2008).

Tafla i. Starfstími meðferðarheimilanna og meðaldvalartími barna

	Starfstími	Meðaldvalartími 2006
Árbót í Aðaldal (6)	1992-2010	395 dagar (+Berg)
Berg í Aðaldal (6)	1999-2008 (fyrir drengi)	395 dagar (+Árbót)
Geldingalækur á Rangárvöllum (6) (F)	1993-2008	357 dagar
Götusmiðjan í Brúarholti (13)	1998-2010	77 dagar
Háholt í Skagafirði (6/4)	1999-	179 dagar
Jökuldalur (6) (F)	2000-2002	260 dagar
Hvíðárbakki í Borgarfirði (6) (F)	1998-2008	458 dagar
Laugaland í Eyjafirði (6/8) (F til 2008)	1997- (fyrir stúlkur)	404 dagar
Torfastaðir í Biskupstungum (6) (F)	1979-2004	505 dagar (2004)
Stuðlar – meðferðardeild (8)	1996-	6,2 vikur

Við lestur þessarar rannsóknarskýrslu þarf að gæta að því að meðferðarheimilin voru að ýmsu leyti ekki sambærileg. Þeim var meðal annars ætlað að vinna með ólíkan vanda barna, sitt hvort kynið, mismunandi aldur og mismunandi forsendur vistunar. Sérstaklega þarf að hafa í huga hið

ólíka hlutverk Stuðla miðað við önnur meðferðarheimili og sérstöðu Götusmiðjunnar. Hér á eftir er lýsing á þessum mismun í stórum dráttum byggð á upplýsingum starfsmanna Barnaverndarstofu.

Í Götusmiðjunni voru rými bæði fyrir unglinga á aldrinum 15-18 ára sem voru vistuð á vegum barnaverndarnefnda og einnig einstaklinga sem voru á aldrinum 18–20 ára. Eldri hópurinn er ekki með í afdrifakönnuninni enda ekki vistaður á vegum barnaverndaryfirvalda.

Á Geldingalæk voru yngstu börnin vistuð, oftast á aldrinum 10-12 ára, en á öðrum heimilum voru flest börnin á aldrinum 14-17 ára.

Á Hvítárbakka, Laugalandi, Skjöldólfsstöðum/Jökuldal, Torfastöðum og Geldingalæk bjuggu meðferðaraðilar, sem einnig voru rekstraraðilar, með vistbörnum ásamt eigin börnum þar sem það átti við. Um var að ræða svokölluð fjölskylduheimili. Á fjölskylduheimilunum störfuðu einnig aðrir starfsmenn til að koma til móts við vinnuframlag rekstraraðila. Um gat verið að ræða tvö til fimm stöðugildi auk rekstraraðila. Við innritun barna þurfti að taka tillit til þess að um var að ræða fjölskylduheimili sem var ekki ætlað að taka við börnum sem voru í augljósum mótþróa gegn meðferð né að takast á við alvarlega ofbeldishegðun. Hvítárbakki og Torfastaðir höfðu umfram önnur heimili leyfi til að taka börn og foreldra í forviðtal í þeim tilgangi að meta horfur á samstarfi. Börn sem voru í mótþróa og voru líkleg til að beita ofbeldi voru því fremur vistuð á heimilum þar sem starfsmenn gengu vaktir og þar sem mönnun var meiri.

Í Árbót, Bergi, Háholti og Götusmiðjunni gengu starfsmenn vaktir og var starfsmannahópurinn þar því stærri eða allt frá 10 – 15 stöðugildum. Sammerkt var með heimilunum, nema Götusmiðjunni, að sum börn voru vistuð þar gegn eigin vilja og að barnaverndarnefndir ásamt foreldrum og stjórnendum meðferðarheimila ákvörðuðu vistunartímann. Meðferðarheimilin gátu því ekki útskrifað börn vegna ónógrar samvinnu í meðferðinni eða vegna alvarlegra reglubrota. Annað gildi fyrir skjólstæðinga Götusmiðjunnar sem voru allir vistaðir að eigin vilja. Þeir gátu yfirgefið heimilið þegar þeir vildu eða var vísað burt ef þeir voru ekki tilbúnir að taka þátt í meðferðinni eða vegna alvarlegra reglubrota. Í Götusmiðjunni var vistunartíminn mun styttri heldur en á öðrum heimilum og sum barnanna dvöldu þar einungis í örfáa daga. Þannig var starfsemin þar með lausari brag en á hinum heimilunum.

Á meðferðarheimilunum störfuðu utanaðkomandi sérfræðingar sem sinntu m.a. einkaviðtölum við börnin, foreldrastarfinu og handleiðslu fyrir starfsmenn.

Hugmyndafræðilegur bakgrunnur meðferðarheimilanna var að nota umhverfið og það samfélag sem varð til á meðferðarheimilunum til að vinna með vanda barnanna. Öll voru meðferðarheimilin staðsett utan höfuðborgarsvæðisins að Stuðlum undanskildum, sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Staðsetningin átti að veita þeim frið og vernda þau fyrir áreiti þéttbýlisins. Meðferðarheimilin (þó ekki Stuðlar) buðu upp á störf við búskap, einstaklingsbundið nám, tómstundir með áherslu á tengingu við umhverfið og náttúruna, meðferðarviðtöl og þátttöku í hópmeðferð. Á Geldingalæk, Torfastöðum, Hvítárbakka og Laugalandi var boðið upp á reglulega fjölskyldumeðferð. Á öðrum heimilum var lögð áhersla á jákvætt samstarf við foreldra barnanna. Í flestum tilvikum voru það skólar viðkomandi sveitarfélaga sem sáu um kennslu og þau börn sem voru á framhaldsskólastigi gátu stundað fjarnám með aðstoð kennara. Ekki var þó boðið upp á nám í Götusmiðjunni.

Stuðlar hafa nokkra sérstöðu á þessum vettvangi. Hér er um að ræða ríkisstofnun sem staðsett er í jaðri Reykjavíkur. Starfsemin skiptist í meðferðardeild og lokaða deild eða neyðarvistun. Á meðferðardeild stofnunarinnar fer fram greining á vanda barnanna og meðferð. Dvöl á meðferðardeild var forsenda þess að komast í meðferð á meðferðarheimili og þar voru 24 stöðugildi á þeim tíma sem er til umfjöllunar í þessari skýrslu. Þetta þýddi að þau börn sem áttu við alvarlegasta vandann að stríða fóru áfram í meðferð á meðferðarheimili eftir vistun á Stuðlum. Lokuð deild er hins vegar ætluð börnum sem þurfa á skammvinnri vistun að halda, eða ekki lengur en til 14 daga. Könnunin tekur ekki til barna sem vistuð voru á lokaðri deild.

Vandi barna sem vistuð eru á Stuðlum og meðferðarheimilum er oftast margþættur. Um getur verið að ræða ofvirkni, athyglisbrest, útigang, vímuefnaneyslu, hegðunarröskun, geðraskanir, afbrota- og ofbeldishegðun, stundum allt í senn. Til viðbótar geta verið brestir í aðbúnaði eða uppeldi heima fyrir. Um fjölþættan vanda er því að ræða (Barnaverndarstofa, 2001, 2002, 2003, 2004, 2006 og 2008).

Til að gefa innsýn í starfsmannahópinn sem vann á þessum meðferðarheimilum má vísa í hvernig hann var samsettur haustið 2009. Það haust voru karlmenn í meirihluta þ.e. 72% karla á móti 28% kvenna. Meðalaldur þeirra var 44 ára og meðalstarfsaldur 6,3 ár og 28% höfðu að baki háskólamenntun á sviði heilbrigðis- mennta- og/eða félagsvísinda. Leiða má líkur að því að samsetning hópsins hafi verið með svipuðum hætti á tímabilinu 2000 – 2007. Önnur menntun sem starfsmenn höfðu og má ætla að hafi nýst þeim í starfi er t.d. nám í áfengisráðgjöf, listnám, nám í fangavarðaskólanum, í lögregluskólanum og iðnnám (Bryndís S. Guðmundsdóttir, 2010).

Enn skal áréttað að við lestur skýrslunnar er mikilvægt að hafa í huga mismunandi hlutverk og aðstæður meðferðarheimilanna og hverjar forsendur voru fyrir vistun barnanna. Til dæmis er hugsanlegt að börn, sem eru vistuð gegn vilja sínum, eru í mótþróa og beita ofbeldi séu neikvæðari í viðhorfum sínum til meðferðarheimilanna heldur en þau sem geta ráðið sinni för.

MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Barnaverndarstofa fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd að framkvæma rannsókn með það markmiði að meta afdrif, velferð og líðan barna er dvöldu á Hvítárbakka, Árbót, Bergi, Laugalandi, Geldingalæk, Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni á árunum 2000 til 2007 (bæði ár meðtalin). Hér er um viðkvæmt mat að ræða og mikilvægt að það sé unnið af utanaðkomandi og hlutlausum rannsóknaraðila sem um leið hefur innsýn í vettvang starfseminnar og hefur faglega og aðferðafræðilega þekkingu til að vinna með gögnin og draga ályktanir af niðurstöðum. Tilgangur rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf barna til dvalar á meðferðarheimilum og afdrif þeirra eftir að dvölinni lauk. Niðurstöður verða nýttar til að greina veikleika og styrkleika meðferðar á stofnunum sem mun koma að gagni við endurmat/mótun breyttrar stefnu í þróun meðferðarúrræða.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í upphafi var ætlunin að kanna afdrif barna sem dvöldu á fimm af meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 til 2007. Þetta voru meðferðarheimilin Hvítárbakki, Árbót, Berg, Laugaland og Geldingalækur. Gagna meðal barna og aðstandenda barna sem dvalið höfðu á þessum heimilum var aflað vorið 2010. Eftir að búið var að vinna úr niðurstöðum þessa hluta könnunarinnar var ákveðið að kanna einnig aðstæður þeirra sem höfðu dvalið á Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni, þannig að rannsóknin næði til allra þeirra sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 til 2007.

Upplýsingar um hvaða börn dvöldu Hvítárbakka, Árbót, Bergi, Laugalandi, Geldingalæk, Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni á árunum 2000 til 2007 fengust hjá Barnaverndarstofu sem heldur nákvæma skráningu yfir þá er dvalið hafa á meðferðarheimilum þeirra. Jafnframt lét Barnaverndarstofa Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í té upplýsingar um hverjir voru skráðir aðstandendur þessara barna í skýrslum stofnunarinnar. Áður en gagnaöflun hófst var skjólstæðingunum og aðstandendum þeirra sent bréf þar sem tilkynnt var að senn færi í gang símakönnun til að meta afdrif og velferð þeirra sem dvalið höfðu á umræddum meðferðarheimilum á árunum 2000 til 2007.

Könnun meðal barna og aðstandenda barna sem dvöldu á Hvítárbakka, Árbót, Bergi, Laugalandi og Geldingalæk fór fram á tímabilinu 20. mars til 18. apríl 2010. Spyrjar á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hringdu í aðstandendur barnanna (í flestum tilfellum mæður) dagana 20. mars til 8. apríl. Aðstandendur voru beðnir um að svara spurningum um hagi barnsins nú, upplifun af meðferðinni, stuðning sem fékkst eftir að meðferðinni lauk og hvernig

barninu hefur gengið að stunda nám og vinnu eftir að meðferð lauk. Dagana 9. til 18. apríl 2010 var hringt í börn sem dvalið höfðu á umræddum meðferðarheimilum og þau spurð samskonar spurninga og lagðar voru fyrir aðstandendur þeirra fyrr í mánuðinum.

Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu voru 162 börn vistuð á Hvítárbakka, Árbót, Bergi, Laugalandi og Geldingalæk á árunum 2000 til 2007. Í ljós kom að fimm þessara barna voru látin. Því var hringt í 157 einstaklinga sem voru vistaðir á umræddum meðferðarheimilum á árunum 2000 til 2007. Einn taldist til brottfalls þar sem hann var of veikur til að taka þátt í könnuninni og fjórir voru búsettir erlendis. Þátttakendur í könnuninni voru 87 talsins. Svörun meðal barnanna er því 57% (sjá töflu 1).

Alls var 161 einstaklingur skráður sem aðstandandi þessara barna. Fimm þeirra voru aðstandendur látinna barna og þrír voru sjálfir látnir. Því var hringt í 153 aðstandendur. Alls töldust tólf einstaklingar til brottfalls af ýmsum ástæðum; fjórir töluðu ekki íslensku, sjö voru búsettir erlendis og einn var of veikur til að taka þátt í könnuninni. Í heild tóku 116 aðstandendur þátt í könnuninni. Svörun meðal aðstandenda er því 82% sem telst mjög góð svörun (sjá töflu 1).

Á haustdögum 2011 afhenti Barnaverndarstofa RBF lista yfir nöfn þeirra barna sem dvöldu á Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni á árunum 2000 til 2007. Þegar búið var að taka út nöfn þeirra barna sem var boðið að taka þátt í könnuninni vorið 2010, stóðu eftir nöfn 396 barna. Sex þeirra voru látin og kennitölur tveggja fundust ekki í Þjóðskrá. Í þýðinu voru því 388 börn.

Nokkuð vantaði upp á skráningu á aðstandendum barnanna sem dvöldu á Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fékk lista yfir nöfn 370 foreldra þessara 396 barna. Af þeim voru sex foreldrar látinna barna. Þýðið samanstóð því af 364 foreldrum.

Hringt var í aðstandendur barna sem dvöldu á Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni á árunum 2000 til 2007 dagana 19. september til 24. október 2011. Átta töldust til brottfalls vegna búsetu erlendis eða veikinda. Svörun meðal aðstandenda var því 65,6%. Hringt var í börnin dagana 28. september til 21. október 2011. Eitt barnanna talaði ekki íslensku, tvö gátu ekki svarað vegna veikinda og 11 voru búsett erlendis. Svörun meðal barna sem dvöldu á Stuðlum, Háholti, Torfastöðum, Jökuldal og Götusmiðjunni reyndist því vera 55,7% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur

	Hvítárþakki, Árbót, Berg, Laugaland og Geldingalækur	Stuðlar, Háholt, Torfastaðir, Skjöldólfsstaðir og Gótusmiðjan	Samtals
Könnun meðal barna			
Upplýsingasöfnun	9. til 18. apríl 2010	28. sept. til 21. okt. 2011	9. apríl 2010 til 21. okt. 2011
Framkvæmdarmáti	Símakönnun	Símakönnun	Símakönnun
Fjöldi í þýði	157	388	545
Fjöldi svarenda	87	206	293
Brúttó svarhlutfall	42,7%	53,1%	53,8%
Nettó svarhlutfall	57,2%	55,1%	55,7%
Könnun meðal aðstandenda			
Upplýsingasöfnun	20. mars til 8. apríl 2010	19. sept. til 24. okt. 2011	20. mars 2010 til 24. okt. 2011
Framkvæmdarmáti	Símakönnun	Símakönnun	Símakönnun
Fjöldi í þýði	153	364	517
Fjöldi svarenda	116	216	332
Brúttó svarhlutfall	75,8%	59,3%	64,2%
Nettó svarhlutfall	82,3%	60,7%	65,6%

ÚRVINNSLA

Svör við spurningum sem lagðar voru fyrir börn og aðstandendur þeirra voru flest hver skoðuð eftir kyni, aldri og búsetu barnsins, hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi á, hvenær það dvaldi síðast á meðferðarheimilinu og ástæðu vistunar. Þegar greint er eftir því á hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi síðast, eru meðferðarheimilin flokkuð í þrennt eftir starfsemi þeirra. Þar eru öll langtímameðferðarheimilin flokkuð saman. Ekki eru reiknuð marktektarpróf fyrir mun á svörum þátttakenda eftir bakgrunni vegna þess að verið er að vinna með þýðisupplýsingar en ekki upplýsingar úr tilviljunarúrtaki. Marktektarpróf eru notuð þegar yfirfæra á niðurstöður frá þátttakendum í könnun yfir á hópinn sem úrtakið er valið úr.

Reynt var að ná sambandi við öll börn og aðstandendur barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000-2007 en sem fyrr segir svöruðu 56% barnanna og 67% aðstandenda. Ekki er vitað hvort afdrif og líðan þeirra sem neituðu að taka þátt í könnuninni eða sem náðist ekki í séu önnur en svarenda. Niðurstöður eru þar af leiðandi lýsandi fyrir þann hóp sem svaraði könnuninni en fara ber varlega í að fullyrða að munur sem fram kemur í hópi svarenda eftir kyni, aldri og búsetu barnsins, hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi á, hvenær það dvaldi síðast á meðferðarheimilinu og ástæðu vistunar sé einnig til staðar meðal annarra barna sem dvöldu á meðferðarheimilunum á sama tímabili.

Auk þess að birta niðurstöður úr könnunum meðal barna og aðstandenda sitt í hvoru lagi, voru svör þeirra borin saman. Áreiðanleikastuðullinn (*Interrater reliability*) Cohen's Kappa var notaður til að meta samræmi milli svara barna og aðstandenda og gefa þannig vísbendingar um áreiðanleika hvernar spurningar. Cohen's Kappa tekur gildi frá -1 upp í 1. Hæð stuðulsins segir til um samræmi svara, því nær einum (eða mínus einum), því meira samræmi er á milli svara.



Í niðurstöðukafla er sums staðar að finna samanburð við þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar HÍ frá í desember 2010. Félagsvísindastofnun gerir reglulega kannanir þar sem fyrirtækjum, stofnunum og kennurum við HÍ gefst kostur á að kaupa eina eða fleiri spurningar sem lagðar eru fyrir almenning í gegnum síma eða á Netinu. Könnunin í desember var símakönnun. Úrtakið samanstóð af 1.200 manns sem valdir voru með tilviljun úr Þjóðskrá og var svarhlutfall 61,7%. Til þess að bera hagi ungs fólks sem dvaldi á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 - 2007 saman við hagi ungs fólks á Íslandi, var farið í gögn Félagsvísindastofnunar og valið að birta svör þátttakenda sem voru á aldrinum 18 til 30 ára. Þannig var unnt að gefa mynd af því meðal annars hvernig búsetu, menntun og hjúskaparstöðu er háttáð meðal ungs fólks á Íslandi.

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL BARNNA

Bakgrunnur og hagir barnsins



Þó að þátttakendur í könnuninni væru ekki lengur börn að aldri, var ákveðið að tala um börn til aðgreiningar frá aðstandendum sem svöruðu könnuninni. Kynjahlutfall meðal barnanna sem svöruðu var svipað. Alls voru drengir 54% svarenda en stúlkur 46% (sjá töflu 2).

Tafla 2. Kyn barnsins

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Piltur	157	53,6%	 53,6%
Stúlka	136	46,4%	 46,4%
Fjöldi svara	293	100%	
Ekki vitað	0		
Alls	293		



Hlutfallslega flest barnanna voru búsett á höfuðborgarsvæðinu (72%), en 28% þeirra voru búsett á öðrum landsvæðum á þeim tíma sem þau svöruðu könnuninni (sjá töflu 3).

Tafla 3. Búseta barnsins

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Höfuðborg	210	71,7%	 71,7%
Landsbyggð	83	28,3%	 28,3%
Fjöldi svara	293	100%	
Ekki vitað	0		
Alls	293		










Yngsta barnið var 17 ára (fætt 1994) og þau elstu voru 29 ára (fædd 1982). Meðalaldur þátttakenda í könnuninni meðal barna var 23,5 ár (staðalfrávik=2,7 ár). Tafla 4 sýnir hlutfallslega skiptingu aldurs þegar búið er að skipta börnunum upp í tvo aldurshópa. Taflan sýnir að 64% barnanna voru yngri en 25 ára en 36% voru 25 ára eða eldri.

Tafla 4. Aldur barns

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Yngra en 25 ára	187	63,8%	 63,8%
25 ára eða eldra	106	36,2%	 36,2%
Fjöldi svara	293	100%	
Ekki vitað	0		
Alls	293		

Börnin voru spurð hvaðan þau hefðu tekjur til að framfleyta sér. Tafla 5 sýnir að helmingur barnanna var með launatekjur en stór hópur, eða um 46%, fékk fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu, atvinnuleysisbætur eða örorkubætur. Þá kváðust 10 einstaklingar (3%) ekki hafa tekjur til að framfleyta sér. Í töflu 5b má sjá hvernig svör þátttakenda skiptust eftir kyni, aldri, búsetu og því meðferðarheimili sem börnin dvöldu síðast á. Í töflu 5b er búið að flokka svörin í þrennt við spurningunni um hvaðan börnin höfðu tekjur til að framfleyta sér. Taflan sýnir að hlutfallslega fleiri stúlkur (55%) en piltar (38%) framfleyttu sér með atvinnuleysisbótum, örorkubótum eða fjárhagsaðstoð. Aftur á móti voru hlutfallslega fleiri piltar (56%) en stúlkur (41%) í launavinnu eða á námslánum.

Tafla 5. Hvaðan hefur þú að jafnaði tekjur til að framfleyta þér?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Er með launatekjur	146	50,2%	 50,2%
Fæ fjárhagsaðstoð félagsþjónustu svæitarfélaga	49	16,8%	 16,8%
Er á atvinnuleysisbótum	46	15,8%	 15,8%
Er á örorkubótum	38	13,1%	 13,1%
Er á námslánum	16	5,5%	 5,5%
Hef ekki tekjur til að framfleyta mér	10	3,4%	 3,4%
Er í fæðingarorlofi	8	2,7%	 2,7%
Fjölskyldan gaf mér pening	6	2,1%	 2,1%
Annað nefnt	2	0,7%	 0,7%
Fjöldi svara	321	110%	Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Fjöldi svarenda	292		
Veit ekki	0		
Svarar ekki	1		

Tafla 5b. Hvaðan hefur þú að jafnaði tekjur til að framfleyta þér? - Bakgrunnsgreining

	Hef ekki tekjur/fæ tekjur frá fjölskyldu eða vinum		Er á örorku- eða atvinnuleysisbótum eða fæ fjárhagsaðstoð sveitarfélaga		Fæ launatekjur, námslán eða fæðingarorlofs-greiðslur		Heildarfjöldi svarenda
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	16	6%	130	46%	152	54%	293
Kyn barns							
Piltur	9	6%	58	38%	86	56%	157
Stúlka	5	4%	72	55%	54	41%	136
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	9	5%	84	46%	88	49%	187
25 ára eða eldra	5	5%	46	45%	52	50%	106
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	6	3%	98	49%	98	49%	210
Landsbyggð	8	10%	32	39%	42	51%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	5	7%	27	36%	42	57%	76
Götusmiðjan	3	3%	48	45%	55	52%	111
Önnur meðferðarheimili	6	6%	55	53%	43	41%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	4	3%	47	41%	64	56%	119
Á árunum 2004 til 2007	9	6%	75	48%	71	46%	160

Tafla 6 sýnir að yfir 80% barna voru annaðhvort í vinnu eða námi (eða bæði) á undangengnum sex mánuðum. Hlutfallið er svipað greint eftir meðferðarheimilum, en hæst er hlutfallið meðal þeirra sem dvöldu á Götusmiðjunni (85%) (sjá töflu 6b). Miðað við þetta hafði meirihluti barnanna verið virkur á undangengnum sex mánuðum þó svo að einungis helmingur barnanna hafi verið á vinnumarkaði á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd.

Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um hvort ungmennin sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 til 2007 séu svipuð eða frábrugðin jafnöldrum þeirra á landsvísu. Mismunandi orðalag spurninga torveldar samanburð milli kannana, en þó má nefna að í könnun sem byggir á slembiúrtaki úr Þjóðskrá og framkvæmd var af Félagsvísindastofnun HÍ í desember 2010, kváðust tæplega 70% svarenda á aldrinum 18 til 28 ára vera í launaðri vinnu. Ekki var þó kannað hvort fólk væri með aðrar tekjur samhliða, né heldur hlutfall fólks á örorku- eða endurhæfingarlífeyri.

Tafla 6. Hefur þú verið í launaðri vinnu, skóla eða sótt námskeið á síðustu sex mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já, í vinnu	101	34,5%	34,5%
Já, í skóla eða sótt námskeið	52	17,7%	17,7%
Já, í vinnu og skóla/sótt námskeið	82	28,0%	28,0%
Nei	53	18,1%	18,1%
Var í fæðingarorlofi	5	1,7%	1,7%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 6b. Hefur þú verið í launaðri vinnu, skóla eða sótt námskeið á síðustu sex mánuðum? - Bakgrunnsgreining

	Já í vinnu og/eða skóla		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	235	82%	53	18%	288
Kyn barns					
Piltur	132	84%	25	16%	157
Stúlka	103	79%	28	21%	131
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	148	80%	37	20%	185
25 ára eða eldra	87	84%	16	16%	103
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	164	80%	41	20%	205
Landsbyggð	71	86%	12	14%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	60	80%	15	20%	75
Götusmiðjan	93	85%	16	15%	109
Önnur meðferðarheimili	82	79%	22	21%	104
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	98	84%	19	16%	117
Á árunum 2004 til 2007	127	80%	31	20%	158

Tafla 7 sýnir hæsta stig menntunar sem svarendur höfðu lokið. Um þriðjungur svarenda hafði grunnskólapróf eða minni menntun, 40% höfðu lokið hluta af námi á framhaldsskólastigi og 18% höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi. Tæplega 6% höfðu farið í háskóla en aðeins einn lokið prófi (0,3%). Ekki er ljóst hvort viðkomandi einstaklingar eru ennþá í námi eða hafa hætt.

Í töflu 7b er að finna greiningu á menntunarstigi þátttakenda eftir bakgrunni þeirra. Þar sést að aldur svarenda er ein veigamesta skýringin á mismunandi menntun þeirra.

Menntunarstig ungmennanna sem tóku þátt í þeim könnunum sem hér eru til umfjöllunar var lægra en ungs fólks á sama aldri sem tók þátt í áðurnefndri könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í desember 2010. Einungis eitt þeirra barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000 til 2007 hafði lokið námi á háskólastigi. Í könnun Félagsvísindastofnunar var hlutfall háskólamenntaðra á aldrinum 18 til 28 ára 18%. Þetta gefur vísbendingu um að ungmenni með dvöl á meðferðarheimili að baki eru ólíklegri til að stunda framhaldsnám á háskólastigi en almennt á við í samfélaginu.

Tafla 7. Hvaða námi hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Ekki lokið grunnskólaprófi	25	8,5%	8,5%
Lokið grunnskólaprófi	71	24,2%	24,2%
Lokið hluta af námi á framhaldsskólastigi	117	39,9%	39,9%
Lokið styttra framhaldsskólaprófi, tveggja ára námsbraut eða minna	10	3,4%	3,4%
Lokið starfs- eða iðnnámi	43	14,7%	14,7%
Lokið bóklegu framhaldsskólaprófi/stúdentsprófi	8	2,7%	2,7%
Farið í háskóla en ekki lokið prófi	18	6,1%	6,1%
Lokið háskólaprófi	1	0,3%	0,3%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 7b. Hvaða námi hefur þú lokið? - Bakgrunnsgreining

	Grunnskólapróf eða minni menntun		Lokið styttra framhaldsskólaprófi eða meiri menntun		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
	Heild	213	73%	80	
Kyn barns					
Piltur	116	74%	41	26%	157
Stúlka	97	71%	39	29%	136
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	151	81%	36	19%	187
25 ára eða eldri	62	58%	44	42%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	146	70%	64	30%	210
Landsbyggð	67	81%	16	19%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	59	78%	17	22%	76
Götusmiðjan	68	61%	43	39%	111
Önnur meðferðarheimili	86	81%	20	19%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	69	58%	50	42%	119
Á árunum 2004 til 2007	132	83%	28	18%	160

Flestir svarenda voru einhleypir (59%). Nokkuð stór hópur var í sambúð (37%) en einungis sjö svarendur (2%) voru í hjónabandi (sjá töflu 8). Tafla 8b sýnir að stúlkur (48%) voru líklegri en piltar (32%) til að vera í sambúð eða hjónabandi. Ekki kemur á óvart að tengsl voru á milli aldurs ungmennanna og hjúskaparstöðu þeirra. Svarendur 25 ára og eldri voru líklegri (44%) til að vera í sambúð eða hjónabandi en þeir sem voru yngri en 25 ára (37%). Þá voru ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins (52%) jafnframt líklegri til að vera í sambúð eða hjónabandi en ungmenni sem búsett voru á höfuðborgarsvæðinu (34%). Loks má nefna að 47% barna sem vistuð höfðu verið á Stuðlum voru í sambúð eða hjónabandi. Hið sama átti við um 36% þeirra sem vistuð voru í Götusmiðjunni og 38% barna sem vistuð voru á öðrum meðferðarheimilum.

Hjúskaparstaða ungmennanna, sem tóku þátt í þeim könnunum sem hér um ræðir, er mjög svipuð þeirra sem tóku þátt í ofangreindri könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í desember 2010, þar sem 5% svarenda á aldrinum 18 til 28 ára voru giftir, 36% í sambúð og 60% einhleypir, fráskildir eða ekkjar/ekkjur.

Tafla 8. Hver er hjúskaparstaða þín?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Í hjónabandi	7	2,4%	2,4%
Í sambúð	108	37,2%	37,2%
Fráskilin(n)	5	1,7%	1,7%
Einhleyp(ur)	170	58,6%	58,6%
Fjöldi svara	290	100%	
Veit ekki	2		
Neitar að svara	1		
Alls	291		

Tafla 8b. Hver er hjúskaparstaða þín? - Bakgrunnsgreining

	Í hjónabandi/sambúð		Fráskilin(n)/einhleyp(ur)		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	115	40%	175	60%	290
Kyn barns					
Piltur	50	32%	105	68%	155
Stúlka	65	48%	70	52%	135
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	69	37%	116	63%	185
25 ára eða eldra	46	44%	59	56%	105
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	71	34%	136	66%	207
Landsbyggð	44	53%	39	47%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	35	47%	40	53%	75
Götusmiðjan	40	36%	70	64%	110
Önnur meðferðarheimili	40	38%	65	62%	105
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	60	51%	58	49%	118
Á árunum 2004 til 2007	50	32%	108	68%	158

Um 40% þátttakenda áttu barn eða börn (sjá töflu 9). Tafla 9b sýnir að stúlkur (54%) voru líklegri til að eiga börn en piltar (26%) en einnig kemur fram að þátttakendur 25 ára og eldri voru eðlilega líklegri (57%) til að eiga börn en yngri aldurshópurinn (30%). Ungmenni sem búsett voru utan höfuðborgarsvæðisins (46%) voru einnig líklegri til að eiga börn en þau sem búsett voru á höfuðborgarsvæðinu (37%). Þá má nefna að ríflega helmingur (53%) þeirra sem dvöldu í Götusmiðjunni átti barn. Hið sama átti við um innan við þriðjung (30-31%) ungmenna sem vistuð voru á Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum. Þessi hlutfallsmunur skýrist af því að ungmenni sem vistuð voru í Götusmiðjunni voru eldri en önnur ungmenni sem tóku þátt í könnuninni.

Áhugavert er að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður úr áður nefndri könnun Félagsvísindastofnunar HÍ. Í þeirri könnun var hlutfall ungs fólks, á aldrinum 18 til 28 ára, með barn á framfæri 17%. Þá má geta þess að meðalaldur mæðra við fæðingu fyrsta barns hefur farið hækkandi á undanförunum árum og var meðalaldurinn á árunum 2006 - 2010 26,6 ár (Hagstofa Íslands, 2011). Það virðist því sem stúlkur sem hafa dvalið á meðferðarheimilum eignist fyrr börn en jafnöldur þeirra.

Tafla 9. Átt þú börn?











	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	115	39,4%	39,4%
Nei	177	60,6%	60,6%
Fjöldi svara	292	100%	
Veit ekki	1		
Alls	293		

Tafla 9b. Átt þú börn? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	115	39%	177	61%	292
Kyn barns					
Piltur	41	26%	115	74%	156
Stúlka	74	54%	62	46%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	55	30%	131	70%	186
25 ára eða eldra	60	57%	46	43%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	77	37%	132	63%	209
Landsbyggð	38	46%	45	54%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	23	30%	53	70%	76
Götusmiðjan	59	53%	52	47%	111
Önnur meðferðarheimili	33	31%	72	69%	105
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	60	50%	59	50%	119
Á árunum 2004 til 2007	49	31%	110	69%	159

Algengast var að börnin leigðu húsnæði á frjálsum markaði (46%) og ríflega fjórðungur bjó í foreldrahúsum (sjá töflu 10). Í töflu 10b má sjá að 76% stúlkna og 57% pilta bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Piltar eru því líklegri en stúlkur til að búa áfram í foreldrahúsum. Ekki þarf að koma á óvart að svarendur sem voru 25 ára og eldri voru líklegri en yngri svarendur til að búa í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði.

Tafla 10. Hvernig er búsetu þinni háttað í dag?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Leigi á frjálsum markaði	135	46,2%	 46,2%
Bý heima, hjá foreldri	76	26,0%	 26,0%
Bý í eigin húsnæði	37	12,7%	 12,7%
Leigi félagslegt húsnæði	21	7,2%	 7,2%
Bý hjá kærasta, vini, vinkonu, ömmu eða afa	11	3,8%	 3,8%
Er húsnæðislaus	4	1,4%	 1,4%
Bý á heimavist í framhaldsskóla eða á vinnustað	3	1,0%	 1,0%
Bý á vistheimili eða sambýli	2	0,7%	 0,7%
Bý á áfangahemili	2	0,7%	 0,7%
Er í fangelsi	1	0,3%	 0,3%
Fjöldi svara	292	100%	
Veit ekki	1		
Alls	293		

Tafla 10b. Hvernig er búsetu þinni háttáð í dag? - Bakgrunnsgreining

	Bý heima, hjá foreldri		Bý í eigin húsnæði/í leiguhúsnæði		Bý við annars konar fyrirkomulag		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	76	26%	193	66%	24	8%	293
Kyn barns							
Piltur	51	32%	90	57%	16	10%	157
Stúlka	25	18%	103	76%	8	6%	136
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	62	33%	107	57%	18	10%	187
25 ára eða eldra	14	13%	86	81%	6	6%	106
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	59	28%	133	63%	18	9%	210
Landsbyggð	17	20%	60	72%	6	7%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	22	29%	47	62%	7	9%	76
Götusmiðjan	23	21%	78	70%	10	9%	111
Önnur meðferðarheimili	31	29,2%	68	64,2%	7	6,6%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	16	13%	97	82%	6	5%	119
Á árunum 2004 til 2007	59	37%	83	52%	18	11%	160

Tafla 11 sýnir að fjórðungur svarenda hafði aldrei skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum. Um 22% höfðu skipt einu sinni um húsnæði, tæplega þriðjungur hafði skipt tvisvar til þrisvar um húsnæði og 22% höfðu skipt um húsnæði fjórum sinnum eða oftár. Í töflu 11b má sjá að ungmenni sem höfðu dvalið á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2004 til 2007 höfðu skipt oftár um húsnæði á síðustu tveimur árum en þau sem voru vistuð á meðferðarheimilunum á árunum 2000 til 2003. Þetta getur gefið vísbendingar um meiri stöðugleika eftir því sem lengra líður frá dvöl á meðferðarheimilum.

Tafla 11. Hversu oft hefur þú skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Aldrei	75	25,6%	25,6%
Einu sinni	63	21,5%	21,5%
Tvisvar	49	16,7%	16,7%
Þrisvar	42	14,3%	14,3%
Fjórum sinnum	25	8,5%	8,5%
Fimm til tíu sinnum	34	11,6%	11,6%
Oftar en tíu sinnum	5	1,7%	1,7%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 11b. Hversu oft hefur þú skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum? - Bakgrunnsgreining

	Aldrei/einu sinni		Tvisvar til þrisvar sinnum		Fjórum sinnum eða oft		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	138	47%	91	31%	64	22%	293
Kyn barns							
Piltur	75	48%	53	34%	29	18%	157
Stúlka	63	46%	38	28%	35	26%	136
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	78	42%	62	33%	47	25%	187
25 ára eða eldra	60	57%	29	27%	17	16%	106
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	100	48%	66	31%	44	21%	210
Landsbyggð	38	46%	25	30%	20	24%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	37	49%	20	26%	19	25%	76
Götusmiðjan	52	47%	36	32%	23	21%	111
Önnur meðferðarheimili	49	46%	35	33%	22	21%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	65	55%	36	30%	18	15%	119
Á árunum 2004 til 2007	66	41%	53	33%	41	26%	160

Meðferðarheimilið

Algengast var að börnin hefðu verið vistuð í Götusmiðjunni (38%) eða á Stuðlum (26%) (sjá töflu 12). Við lestur skýrslunnar ber að hafa í huga að þar sem börnin voru beðin um að svara spurningum könnunarinnar út frá því meðferðarheimili sem þau dvöldu á síðast, fóru börn sem nefndu Stuðla hvorki í langtímameðferð eftir dvölinu á Stuðlum né sóttu þau meðferð í Götusmiðjunni á því tímabili sem könnunin nær til. Í töflunum hér á eftir eru svör við spurningum könnunarinnar greind eftir því á hvaða meðferðarheimili börnin dvöldu síðast. Sérstaklega er fjallað um niðurstöður könnunarinnar meðal ungmenna á Stuðlum og Götusmiðjunni en niðurstöður þeirra er dvöldu á langtímameðferðarheimilunum átta eru flokkaðar saman (Árbót og Berg, Geldingalækur, Hvítárþakki, Laugaland, Háholt og Jökuldal) og nefnd önnur meðferðarheimili.

Tafla 12. Á hvaða meðferðarheimili varstu síðast?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Árbót	26	8,9%	8,9%
Bergi	17	5,8%	5,8%
Geldingalæk	5	1,7%	1,7%
Hvítárþakki	17	5,8%	5,8%
Laugalandi	22	7,6%	7,6%
Stuðlum	76	26,1%	26,1%
Háholt	16	5,5%	5,5%
Jökuldal	1	0,3%	0,3%
Götusmiðjunni	111	38,1%	38,1%
Fjöldi svara	291	133%	
Veit ekki	2		
Alls	293		

Tafla 13 sýnir að svarendur dreifðust nokkuð jafnt á þau ár sem könnunin náði til. Þó höfðu hlutfallslega fæst síðast verið vistuð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu árin 2000 og 2001. Hér ber að hafa í huga að töluvert var um að börn væru vistuð á fleiri en einum stað. Því kann að vera að barn sem var vistað á meðferðarheimili árið 2000 hafi aftur verið vistað á meðferðarheimili síðar og þess vegna svarað spurningum könnunarinnar miðað við síðari vistun.

Tafla 13. Hvenær dvaldi barnið síðast á meðferðarheimilinu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Árið 2000	12	4,3%	4,3%
Árið 2001	20	7,2%	7,2%
Árið 2002	47	16,8%	16,8%
Árið 2003	40	14,3%	14,3%
Árið 2004	47	16,8%	16,8%
Árið 2005	38	13,6%	13,6%
Árið 2006	38	13,6%	13,6%
Árið 2007	37	13,3%	13,3%
Fjöldi svara	279	100%	
Ekki vitað	14		

Þegar ungmennin voru spurð um ástæður þess að þau voru vistuð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, var misnotkun á áfengi eða vímuefnum algengasta svarið (70%) (sjá töflu 14). Vert er að hafa í huga að flestir svarendur höfðu dvalið í Götusmiðjunni (sbr. töflu 12) sem var einmitt meðferðarheimili fyrir börn í vímuefnavanda.

Tafla 14. Hverjar voru meginástæður fyrir vistun þinni á meðferðarheimilinu? (Spurt í seinni gagnaöflun)

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Misnotkun áfengis eða vímuefna	143	70,4%	70,4%
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	27	13,3%	13,3%
Hegðunarvandi/ofbeldishegðun	24	11,8%	11,8%
Útigangur	19	9,4%	9,4%
Afbrotahegðun	12	5,9%	5,9%
Fjölskylduvandi	22	10,8%	10,8%
Annað nefnt	16	7,9%	7,9%
Fjöldi svara	263	130%	¹ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	203		er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Veit ekki	2		

Ríflega tvö börn af hverju þremur sögðust hafa dvalið áætlaðan tíma á meðferðarheimilinu, en þriðjungur hætti fyrr í meðferðinni en áætlað var (sjá töflu 15). Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við gögn Barnaverndarstofu. Tafla 15b sýnir að 41% barna sem vistuð voru í Götusmiðjunni sögðust hafa hætt fyrr í meðferðinni en áætlað var. Hið sama átti við um einungis 14% barna sem dvöldu á Stuðlum.

Tafla 15. Dvaldir þú áætlaðan meðferðartíma á meðferðarheimilinu eða var meðferðinni af einhverjum ástæðum hætt fyrir en áætlað var?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
Dvaldi áætlaðan meðferðartíma	194	68,3%		68,3%
Hætti fyrir í meðferðinni en áætlað var	90	31,7%		31,7%
Fjöldi svara	284	100%		
Veit ekki	9			
Alls	293			

Tafla 15b. Dvaldir þú áætlaðan meðferðartíma á meðferðarheimilinu eða var meðferðinni af einhverjum ástæðum hætt fyrir en áætlað var? - Bakgrunnsgreining

	Dvaldi áætlaðan meðferðartíma		Hætti fyrir í meðferðinni en áætlað var		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	194	68%	90	32%	284
Kyn barns					
Piltur	100	65%	54	35%	154
Stúlka	94	72%	36	28%	130
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	119	66%	61	34%	180
25 ára eða eldri	75	72%	29	28%	104
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	139	69%	63	31%	202
Landsbyggð	55	67%	27	33%	82
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	62	86%	10	14%	72
Götusmiðjan	65	59%	46	41%	111
Önnur meðferðarheimili	67	66%	34	34%	101
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	83	72%	32	28%	115
Á árunum 2004 til 2007	103	66%	53	34%	156

Reynslan af dvölinni

Leitað var eftir reynslu barnanna af dvölinni á meðferðarheimilinu sem barnið dvaldi á síðast. Þar má sjá að mikill meirihluti svarenda (90%) sagðist hafa náð góðu sambandi við að minnsta kosti einn starfsmann meðan á meðferðinni stóð (sjá töflu 16). Á þetta við um öll meðferðarheimili og breyttu ástæður vistunar engu þar um.

Tafla 16. Náðir þú góðu sambandi við að minnsta kosti einn starfsmann á meðan meðferðinni stóð?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	262	90,0%	90,0%
Nei	29	10,0%	10,0%
Fjöldi svara	291	100%	
Veit ekki	2		
Alls	293		

Tafla 16b. Náðir þú góðu sambandi við að minnsta kosti einn starfsmann á meðan meðferðinni stóð? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	262	90%	29	10%	291
Kyn barns					
Piltur	145	93%	11	7%	156
Stúlka	117	87%	18	13%	135
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	172	93%	13	7%	185
25 ára eða eldra	90	85%	16	15%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	186	89%	23	11%	209
Landsbyggð	76	93%	6	7%	82
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	69	92%	6	8%	75
Götusmiðjan	101	91%	10	9%	111
Önnur meðferðarheimili	91	88%	12	12%	103
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	105	89%	13	11%	118
Á árunum 2004 til 2007	146	92%	13	8%	159
Ástæða vistunarⁱ					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	130	92%	11	8%	141
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	24	89%	3	11%	27
Hegðunarvandi/ofbeldishegðun	23	96%	1	4%	24
Útígangur	18	95%	1	5%	19
Afbrotahegðun	11	92%	1	8%	12
Fjölskylduvandi	19	86%	3	14%	22

ⁱ Spurt var um ástæðu vistunar í könnuninni haustið 2011 en ekki í þeirri sem framkvæmd var 2010.

Í heild sögðu 59% svarenda að meðferðarheimilið hafi hjálpað þeim mjög eða frekar vel við að takast á við þann vanda sem þeir glímdu við á þeim tíma sem þeir dvöldu á heimilinu, en um 30% barnanna sagði meðferðarheimilið hafa hjálpað frekar eða mjög illa við að takast á við þann vanda sem þau glímdu við (sjá töflu 17). Hæst var hlutfallið meðal barna sem dvöldu í Götusmiðjunni (72%) en heldur lægra meðal þeirra sem dvöldu á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu (62%) og lægst meðal barna sem dvöldu á Stuðlum (36%) (sjá töflu 17b). Þetta kann að skýrast af stuttum meðferðartíma á Stuðlum.

Tafla 17. Hversu vel eða illa fannst þér meðferðarheimilið hjálpa þér við að takast á við þann vanda sem þú glímdir við þá?






	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	117	41,1%	41,1%
Frekar vel	51	17,9%	17,9%
Hvorki vel né illa	33	11,6%	11,6%
Frekar illa	42	14,7%	14,7%
Mjög illa	42	14,7%	14,7%
Fjöldi svara	285	100%	
Veit ekki	8		
Alls	293		

Tafla 17b. Hversu vel eða illa fannst þér meðferðarheimilið hjálpa þér við að takast á við þann vanda sem þú glímdir við þá? - Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar vel		Hvorki vel né illa		Mjög/frekar illa		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	168	59%	33	12%	84	30%	285
Kyn barns							
Piltur	92	60%	23	15%	38	25%	153
Stúlka	76	58%	10	8%	46	35%	132
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	108	59%	20	11%	55	30%	183
25 ára eða eldra	60	59%	13	13%	29	28%	102
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	113	56%	24	12%	66	33%	203
Landsbyggð	55	67%	9	11%	18	22%	82
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	26	36%	14	19%	32	44%	72
Götusmiðjan	78	72%	14	13%	17	16%	109
Önnur meðferðarheimili	64	62%	5	5%	35	34%	104
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	66	58%	15	13%	32	28%	113
Á árunum 2004 til 2007	94	59%	18	11%	46	29%	158

Meirihluti þátttakenda (71%) var mjög eða frekar sáttur við þáttöku foreldra sinna í meðferðinni (sjá töflu 18). Í heild voru 80% barna sem dvöldu í Götusmiðjunni sátt við þáttöku foreldranna. Á sömu skoðun voru 66% barna sem dvöldu á Stuðlum og 65% barna sem voru vistuð á öðrum meðferðarheimilum. Stúlkur voru þó mun ósáttari við þáttöku foreldra sinna í meðferðinni en piltar. Tæplega fjórðungur stúlkna var mjög eða frekar ósáttar við þáttöku foreldranna en hið sama átti við um 13% pilta (sjá töflu 18b). Ekki er ljóst hvers vegna stúlkur voru frekar ósáttar við þáttöku foreldranna en piltar og hefði verið fróðlegt að spyrja nánar um það.

Tafla 18. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varstu með þátttöku foreldra þinna í meðferðinni?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög sátt(ur)	126	47,0%	 47,0%
Frekar sátt(ur)	63	23,5%	 23,5%
Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	30	11,2%	 11,2%
Frekar ósátt(ur)	21	7,8%	 7,8%
Mjög ósátt(ur)	28	10,4%	 10,4%
Fjöldi svara	268	100%	
Á ekki við	11		
Veit ekki	10		
Neitar að svara	4		
Alls	293		

Tafla 18b. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varstu með þátttöku foreldra þinna í meðferðinni? - Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar sátt(ur)		Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)		Mjög/frekar ósátt(ur)		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	189	71%	30	11%	49	18%	268
Kyn barns							
Piltur	106	75%	17	12%	18	13%	141
Stúlka	83	65%	13	10%	31	24%	127
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	121	69%	18	10%	36	21%	175
25 ára eða eldra	68	73%	12	13%	13	14%	93
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	130	68%	21	11%	40	21%	191
Landsbyggð	59	77%	9	12%	9	12%	77
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	46	66%	9	13%	15	21%	70
Götusmiðjan	78	80%	11	11%	9	9%	98
Önnur meðferðarheimili	65	65%	10	10%	25	25%	100
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	73	70%	14	13%	18	17%	105
Á árunum 2004 til 2007	108	72%	14	9%	28	19%	150

Spurt var um ofbeldi á meðferðarheimilinu af hendi annarra sem voru í meðferð. Í heild kváðust 20% barna hafa orðið fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð á meðferðarheimilinu (sjá töflu 19). Einungis 9% barna sem vistuð voru í Götusmiðjunni kváðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð á heimilinu. Aftur á móti sögðust 22% barna sem voru vistuð á Stuðlum og 29% barna sem voru vistuð á öðrum meðferðarheimilum hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra á heimilinu (sjá töflu 19b). Hér ber að geta að mjög misjafnt var hvort börn sögðust hafa verið beitt ofbeldi eftir því hvaða á langtímameðferðarheimili

pau dvöldu. Til dæmis kvaðst enginn sem dvaldi á Geldingalæk hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra sem voru í meðferð á meðferðarheimilinu.

Tafla 19. Varðstu fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð á meðferðarheimilinu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	58	19,8%	19,8%
Nei	235	80,2%	80,2%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 19b. Varðstu fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð á meðferðarheimilinu? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	58	20%	235	80%	293
Kyn barns					
Piltur	29	18%	128	82%	157
Stúlka	29	21%	107	79%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	42	22%	145	78%	187
25 ára eða eldra	16	15%	90	85%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	38	18%	172	82%	210
Landsbyggð	20	24%	63	76%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	17	22%	59	78%	76
Götusmiðjan	10	9%	101	91%	111
Önnur meðferðarheimili	31	29%	75	71%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	18	15%	101	85%	119
Á árunum 2004 til 2007	36	23%	124	78%	160

Spurt var nánar um tegund ofbeldis. Algengast var að börnin segðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi (17%) og 7% sögðust hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi (sjá töflu 20). Piltar (11%) sögðust frekar en stúlkur (3%) hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Þá vekur athygli að 10% þátttakenda í könnuninni sem vistaðir voru á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2004 til 2007 sögðust hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi en hið sama átti við um 4% barna sem vistuð voru á

árunum 2000 til 2003 (sjá töflu 20b). Hafa verður í huga að 80% barna sem dvöldu á meðferðarheimilum segjast ekki hafa orðið fyrir ofbeldi (tafla 19).

Tafla 20. Hvers konar ofbeldi varðstu fyrir?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Andlegu ofbeldi	49	16,7%	16,7%
Líkamlegu ofbeldi	21	7,2%	7,2%
Kynferðislegri áreitni	5	1,7%	1,7%
Kynferðislegu ofbeldi	2	0,7%	0,7%
Var ekki beitt(ur) ofbeldi	235	80,2%	80,2%
Fjöldi svara	312	106%	¹ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	293		er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Veit ekki	0		

Tafla 20b. Hvers konar ofbeldi varðstu fyrir? - Bakgrunnsgreining

	Andlegu ofbeldi		Líkamlegu ofbeldi		Kynferðislegri áreitni		Kynferðislegu ofbeldi		Var ekki beitt(ur) ofbeldi		Heildarfjöldi svarenda
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	49	17%	21	7%	5	2%	2	1%	235	80%	293
Kyn barns											
Piltur	24	15%	17	11%	1	1%	0	0%	128	82%	157
Stúlka	25	18%	4	3%	4	3%	2	1%	107	79%	136
Aldur barns											
Yngra en 25 ára	34	18%	19	10%	3	2%	1	1%	145	78%	187
25 ára eða eldri	15	14%	2	2%	2	2%	1	1%	90	85%	106
Núverandi búseta barns											
Höfuðborgarsvæði	34	16%	12	6%	3	1%	1	0%	172	82%	210
Landsbyggð	15	18%	9	11%	2	2%	1	1%	63	76%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dv. á síðast											
Stuðlar	13	17%	7	9%	1	1%	0	0%	59	78%	76
Götusmiðjan	10	9%	1	1%	1	1%	0	0%	101	91%	111
Önnur meðferðarheimili	26	25%	13	12%	3	3%	2	2%	75	71%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu											
Á árunum 2000 til 2003	18	15%	5	4%	1	1%	0	0%	101	85%	119
Á árunum 2004 til 2007	28	18%	16	10%	3	2%	1	1%	124	78%	160

Til þess að grennslast fyrir um hvers konar ofbeldi átti sér stað voru ungmenni sem tóku þátt í könnuninni haustið 2011 spurð hvers konar atvik hefðu átt sér stað innan veggja heimilisins. Þessi spurning var ekki lögð fyrir þátttakendur í fyrri hluta gagnaöflunarinnar, vorið 2010. Í ljós kom að mest var um að börnin nefndu að þau væru uppnefnd eða móðuguð (12%), þeim hrint, þrifið í þau eða togað í hárið á þeim (10%) eða þeim hótáð líkamsmeiðingum (9%) (sjá töflu 21).

Tafla 21. Átti eitthvað af eftirfarandi sér stað af hendi annarra sem dvöldu á heimilinu, meðan á dvölinni stóð? (Spurt í seinni gagnaöflun)

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Varstu uppnefnd(ur) eða móðguð/móðgaður?	24	11,8%	11,8%
Var þér hrint, þrífð í þig eða togað í hárið á þér?	20	9,9%	9,9%
Var þér hótad líkamsmeiðingum?	19	9,4%	9,4%
Varst þú slegin(n) kýld(ur), sparkað í þig eða þú bitin(n)?	12	5,9%	5,9%
Voru persónulegar eigur þínar skemmdar eða eyðilagðar?	11	5,4%	5,4%
Var þér haldið föstum/fastri, lagður/lögð í gólfíð eða snúið upp á handl. á þér?	10	4,9%	4,9%
Varst þú tekin(n) hálstaki	6	3,0%	3,0%
Varstu lokuð/lokaður inni?	4	2,0%	2,0%
Var beitt eða hótad að beita hnífi, barefli eða öðru vopni gegn þér?	2	1,0%	1,0%
Var reynt að þvinga þig til kynlífs?	2	1,0%	1,0%
Varstu þvinguð/þvingaður til kynlífs?	2	1,0%	1,0%
Varstu snerf/snertur kynferðislega gegn vilja þínum?	0	0,0%	0,0%
Var ekki beitt(ur) ofbeldi	173	85,2%	85,2%
Fjöldi svara	285	140%	ⁱ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	203		er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Svarar ekki	3		











Meirihluti (62%) þeirra sem hafði orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra vistmanna sagði frá ofbeldinu meðan á dvölinni stóð (sjá töflu 22).

Tafla 22. Sagðir þú frá andlega eða líkamlega ofbeldinu á meðan þú varst á meðferðarheimilinu? (Svör þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra sem dvöldu á meðferðarheimilinu)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	36	62,1%	62,1%
Nei	22	37,9%	37,9%
Fjöldi svara	58	100%	
Veit ekki	1		
Á ekki við, var ekki beitt(ur) ofbeldi	235		
Alls	293		

Langalgengast var að börnin segðu starfsmanni heimilisins frá ofbeldinu (60%) og ríflega 16% þeirra sem kváðust hafa orðið fyrir ofbeldi sögðu foreldri frá (sjá töflu 23). Athygli vekur að tæplega 40% barna sögðu hvorki starfsmanni meðferðarheimilis né foreldrum frá ofbeldinu.

Tafla 23. Hverjum sagðir þú frá andlega og/eða líkamlega ofbeldinu? (Svör þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra sem dvöldu á meðferðarheimilinu)

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Starfsmanni heimilisins	34	59,6%	 59,6%
Foreldri	9	15,8%	 15,8%
Vinkonu/vini	4	7,0%	 7,0%
Sálfræðingi eða ráðgjafa	2	3,5%	 3,5%
Lögreglu	2	3,5%	 3,5%
Öðrum á heimilinu	1	1,8%	 1,8%
Starfsmanni Barnaverndar	1	1,8%	 1,8%
Óháðum eftirlitsaðila	1	1,8%	 1,8%
Stuðningsfulltrúa	1	1,8%	 1,8%
Starfsmanni Barnaverndarstofu	0	0,0%	0,0%
Sagði engum frá	22	38,6%	 38,6%
Fjöldi svara	77	135%	† Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Fjöldi svarenda	57		
Veit ekki	1		
Á ekki við, var ekki beitt(ur) ofbeldi	235		

Börnin voru einnig spurð hvort þau hefðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins. Um 14% barnanna kváðust hafa orðið fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins (sjá töflu 24). Hlutfall barna sem kvaðst hafa orðið fyrir ofbeldi var heldur hærra meðal þeirra sem dvöldu á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu (29%) en þeirra sem dvöldu á Stuðlum (11%) og Götusmiðjunni (3%) (sjá töflu 24b). Hér ber að nefna að þó 29% þeirra sem dvöldu á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsmanns var dreifing svara ólík eftir því hvaða meðferðarheimili um ræddi. Til dæmis sagðist enginn þeirra sem dvöldu á Geldingalæk og Hvítárbakka hafa orðið fyrir ofbeldi en hlutfallið var á bilinu 13-50% á hinum heimilunum (Jökuldalur er undanþeginn þar sem einungis eitt svar barst þaðan og ekkert barnanna hafði dvalið á Torfastöðum).

Tafla 24. Varðstu fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	42	14,3%	14,3%
Nei	251	85,7%	85,7%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 24b. Varðstu fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	42	14%	251	86%	293
Kyn barns					
Piltur	17	11%	140	89%	157
Stúlka	25	18%	111	82%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	30	16%	157	84%	187
25 ára eða eldra	12	11%	94	89%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	36	17%	174	83%	210
Landsbyggð	6	7%	77	93%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	8	11%	68	89%	76
Götusmiðjan	3	3%	108	97%	111
Önnur meðferðarheimili	31	29%	75	71%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	18	15%	101	85%	119
Á árunum 2004 til 2007	19	12%	141	88%	160

Tafla 25 sýnir að 11% þátttakenda í könnuninni sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi af hendi starfsmanns heimilisins og 8% sögðust hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi. Stúlkur (15%) sögðust frekar en piltar (8%) hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi. Hafa verið í huga að margir þeirra sem kváðust hafa verið beittir ofbeldi af hendi starfsmanns nefna fleiri en eina tegund ofbeldis (einkum bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi).

Tafla 25. Hvers konar ofbeldi varðstu fyrir?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Andlegu ofbeldi	32	10,9%	10,9%
Líkamlegu ofbeldi	24	8,2%	8,2%
Kynferðislegri áreitni	2	0,7%	0,7%
Kynferðislegu ofbeldi	1	0,3%	0,3%
Var ekki beitt(ur) ofbeldi	251	85,7%	85,7%
Fjöldi svara	310	105%	Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	293		er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Veit ekki	0		

Tafla 25b. Hvers konar ofbeldi varðstu fyrir? - Bakgrunnsgreining

	Andlegu ofbeldi		Líkamlegu ofbeldi		Kynferðislegri áreitni		Kynferðislegu ofbeldi		Var ekki beitt(ur) ofbeldi		Heildarfjöldi svarenda
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	32	11%	24	8%	2	1%	1	0%	251	86%	293
Kyn barns											
Piltur	12	8%	13	8%	0	0%	0	0%	140	89%	157
Stúlka	20	15%	11	8%	2	1%	1	1%	111	82%	136
Aldur barns											
Yngri en 25 ára	22	12%	18	10%	1	1%	1	1%	157	84%	187
25 ára eða eldri	10	9%	6	6%	1	1%	0	0%	94	89%	106
Núverandi búseta barns											
Höfuðborgarsvæði	27	13%	20	10%	2	1%	1	0%	174	83%	210
Landsbyggð	5	6%	4	5%	0	0%	0	0%	77	93%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dv. á síðast											
Stuðlar	3	4%	5	7%	1	1%	1	1%	68	89%	76
Götusmiðjan	3	3%	0	8%	0	0%	0	0%	108	97%	111
Önnur meðferðarheimili	26	23%	19	17%	1	1%	0	0%	75	71%	111
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu											
Á árunum 2000 til 2003	13	11%	7	6%	1	1%	1	1%	101	85%	119
Á árunum 2004 til 2007	15	9%	13	8%	1	1%	0	0%	141	88%	160

Ungmennirnir sem tóku þátt í könnuninni haustið 2011 voru spurð nánar út í ofbeldi af hendi starfsmanns. Í heild kváðust 4% barna sem vistuð voru á Stuðlum, Háholti, Jökuldal og Götusmiðjunni hafa orðið fyrir því að starfsmaður uppnefndi þau eða móðgaði. Jafnstór hópur sagði að sér hafi verið hrint, þrifið í þau eða togað í hárið á þeim (sjá töflu 26).

Tafla 26. Átti eitthvað af eftirfarandi sér stað af hendi starfsmanns/starfsmanna, meðan á dvölinni stóð? (Spurt í seinni gagnaöflun)

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Varstu uppnefnd(ur) eða móðguð/móðgaður?	8	4,0%	4,0%
Var þér hrint, þrifið í þig eða togað í hárið á þér?	8	4,0%	4,0%
Varst þú tekin(n) hálstaki	6	3,0%	3,0%
Var þér haldið föstum/fastri, lagður/lögð í gólfíð eða snúið upp á handl. á þér?	6	3,0%	3,0%
Varst þú slegin(n) kýld(ur), sparkað í þig eða þú bitin(n)?	3	1,5%	1,5%
Var þér hótad líkamsmeiðingum?	2	1,0%	1,0%
Voru persónulegar eigur þínar skemmdar eða eyðilagðar?	1	0,5%	0,5%
Varstu snerf/snertur kynferðislega gegn v ilja þínum?	1	0,5%	0,5%
Varstu lokuð/lokaður inni?	0	0,0%	0,0%
Var beitt eða hótad að beita hnifi, barefli eða öðru vopni gegn þér?	0	0,0%	0,0%
Var reynt að þvinga þig til kynlífs?	0	0,0%	0,0%
Varstu þvinguð/þvingaður til kynlífs?	0	0,0%	0,0%
Var ekki beitt(ur) ofbeldi	191	94,6%	94,6%
Fjöldi svara	226	112%	ⁱ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	202		er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Svarar ekki	4		

Til og gera sér betur grein fyrir eðli þess ofbeldis sem ungmennin sögðust hafa verið beitt af hendi starfsmanna, voru þátttakendur í könnuninni haustið 2011 spurðir hvort eitthvað af því sem gerðist hafi ef til vill verið hluti af tilraun starfsmanns til að stoppa ofbeldi eða aðra óæskilega hegðun. Það vekur athygli að sjö af þeim tíu sem svöruðu spurningunni sögðu svo hafa verið (sjá töflu 27). Þetta er mikilvægt að hafa í huga í skoðun á því hvort upplifað ofbeldið hafi tengst valdbeitingaraðgerðum, þ.e. viðbrögðum starfsmanna við ofbeldishegðun barnanna.

Tafla 27. Þegar þú lítur til baka, getur verið að eitthvað af því sem gerðist hafi verið hluti af tilraun starfsmanns/starfsmanna til að stoppa ofbeldi eða aðra óæskilega hegðun? (Spurt í seinni gagnaöflun)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	7	70,0%	70,0%
Nei	3	30,0%	30,0%
Fjöldi svara	10	100%	
Veit ekki	1		
Á ekki við, var ekki beitt(ur) ofbeldi	191		
Svarar ekki	4		
Alls	206		

Ungmenni sem kváðust hafa verið beitt ofbeldi af hendi starfsmanns meðferðarheimilisins voru spurð hvort þau hafi sagt frá ofbeldinu meðan á dvölinni stóð. Meirihluti svarenda (71%) sagði frá ofbeldinu (sjá töflu 28) og algengast var að þau sögðu starfsmanni heimilisins eða foreldri frá (59%) (sjá töflu 29).

Tafla 28. Sagðir þú frá andlega eða líkamlega ofbeldinu á meðan þú varst á meðferðarheimilinu? (Svör þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsmanns meðferðarheimilisins)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	29	70,7%	70,7%
Nei	12	29,3%	29,3%
Fjöldi svara	41	100%	
Veit ekki	1		
Á ekki við, var ekki beitt(ur) ofbeldi	251		
Alls	293		

Tafla 29. Hverjum sagðir þú frá ofbeldinu? (Svör þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsmanns meðferðarheimilisins)

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Starfsmanni heimilisins	17	41,5%	41,5%
Foreldri	17	41,5%	41,5%
Starfsmanni Barnav erndar	5	12,2%	12,2%
Starfsmanni Barnav erndarstofu	4	9,8%	9,8%
Óháðum eftirlitsaðila	4	9,8%	9,8%
Vinkonu/vini	3	7,3%	7,3%
Sálfræðingi eða ráðgjafa	1	2,4%	2,4%
Stuðningsfulltrúa	1	2,4%	2,4%
Lögreglu	0	0,0%	0,0%
Öðrum á heimilinu	0	0,0%	0,0%
Sagði engum frá	12	29,3%	29,3%
Fjöldi svara	64	156%	i Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%.
Fjöldi svarenda	41		
Veit ekki	1		
Á ekki við, var ekki beitt(ur) ofbeldi	251		

Stuðningur eftir að dvölinni lauk

Tafla 30 sýnir að 70% svarenda töldu sig fá nægan stuðning frá foreldrum og/eða nánustu fjölskyldu við að halda sér frá vanda strax að lokinni meðferð. Tafla 30b sýnir að 76% karlkyns svarenda fannst þeir fá nægan stuðning frá foreldrum eða nánustu fjölskyldu en 65% kvenkyns svarenda voru á sömu skoðun.

Tafla 30. Fannst þér þú fá nægan stuðning frá foreldrum og/eða nánustu fjölskyldu við að halda þér frá vanda strax að lokinni meðferð?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	190	70,4%	70,4%
Nei	80	29,6%	29,6%
Fjöldi svara	270	100%	
Á ekki við	13		
Veit ekki	10		
Alls	293		

Tafla 30b. Fannst þér þú fá nægan stuðning frá foreldrum og/eða nánustu fjölskyldu við að halda þér frá vanda strax að lokinni meðferð? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	190	70%	80	30%	270
Kyn barns					
Piltur	108	76%	35	24%	143
Stúlka	82	65%	45	35%	127
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	124	71%	51	29%	175
25 ára eða eldra	66	69%	29	31%	95
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	135	70%	57	30%	192
Landsbyggð	55	71%	23	29%	78
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	51	71%	21	29%	72
Götusmiðjan	75	74%	27	26%	102
Önnur meðferðarheimili	64	67%	32	33%	96
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	72	68%	34	32%	106
Á árunum 2004 til 2007	110	73%	41	27%	151

Tafla 31 sýnir að 44% svarenda fannst þeir fá nægan stuðning frá félögum og vinum við að halda sig frá vanda strax að lokinni meðferð. Ekki var munur á mati drengja og stúlkna á stuðningi vina og félaga. Rúmlega helmingi þátttakenda sem dvöldu á Götusmiðjunni og 47% þeirra sem dvöldu á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu fannst þeir fá nægilegan stuðning frá félögum og vinum við að halda sér frá vanda strax að lokinni meðferð. Innan við þriðjungur þeirra sem dvöldu á Stuðlum var þessu sammála. Þannig fannst 71% barna sem voru vistuð á Stuðlum skorta á stuðning frá félögum og vinum að lokinni meðferð (sjá töflu 31b).

Tafla 31. Fannst þér þú fá nægan stuðning frá félögum og vinum við að halda þér frá vanda strax að lokinni meðferð?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	113	44,3%	44,3%
Nei	142	55,7%	55,7%
Fjöldi svara	255	100%	
Á ekki við	26		
Veit ekki	12		
Alls	293		

Tafla 31b. Fannst þér þú fá nægan stuðning frá félögum og vinum við að halda þér frá vanda strax að lokinni meðferð? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	113	44%	142	56%	255
Kyn barns					
Piltur	61	45%	75	55%	136
Stúlka	52	44%	67	56%	119
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	74	45%	89	55%	163
25 ára eða eldra	39	42%	53	58%	92
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	79	43%	103	57%	182
Landsbyggð	34	47%	39	53%	73
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	19	29%	47	71%	66
Götusmiðjan	52	53%	47	47%	99
Önnur meðferðarheimili	42	47%	75	53%	117
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	43	42%	60	58%	103
Á árunum 2004 til 2007	66	47%	75	53%	141

Nærri fjórðungur hafði farið í eftirmeðferð að lokinni dvöl á meðferðarheimilinu (sjá töflu 32). Ungmenni sem búsett voru á höfuðborgarsvæðinu (26%) voru líklegri til að hafa farið í eftirmeðferð en ungmenni sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins (14%). Þá var munur á því hvort ungmenni höfðu farið í eftirmeðferð eftir því á hvaða meðferðarheimili þau dvöldu síðast. Ríflega þriðjungur þeirra sem dvöldu í Götusmiðjunni hafði farið í eftirmeðferð, en hið sama átti við um 18% þeirra sem voru vistuð á Stuðlum og einungis 15% þeirra sem dvöldu á öðrum meðferðarheimilum (sjá töflu 32b).

Tafla 32. Fórst þú í eftirmeðferð eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	67	22,9%	22,9%
Nei	225	77,1%	77,1%
Fjöldi svara	292	100%	
Veit ekki	1		
Alls	293		

Tafla 32b. Fórst þú í eftirmeðferð eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	67	23%	225	77%	292
Kyn barns					
Piltur	30	19%	127	81%	157
Stúlka	37	27%	98	73%	135
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	46	25%	141	75%	187
25 ára eða eldra	21	20%	84	80%	105
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	55	26%	154	74%	209
Landsbyggð	12	14%	71	86%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	14	18%	62	82%	76
Götusmiðjan	37	34%	73	66%	110
Önnur meðferðarheimili	16	15%	90	85%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	25	21%	93	79%	118
Á árunum 2004 til 2007	40	25%	120	75%	160

Tafla 33 sýnir að 44 af þeim 67 ungmennum sem fóru í eftirmeðferð, fannst eftirmeðferðin hafa hjálpað sér við að halda sér frá vanda.

Tafla 33. Finnst þér eftirmeðferðin hafa hjálpað þér við að halda þér frá vanda?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	44	66,7%	66,7%
Nei	22	33,3%	33,3%
Fjöldi svara	66	100%	
Veit ekki	1		
Á ekki við, fór ekki í eftirmeðferð	225		
Svarar ekki	1		
Alls	293		

Afdrif

Meirihluti þátttakenda (81%) hafði stundað nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (sjá töflu 34). Stúlkur (89%) voru líklegri til að hafa stundað nám en piltar (74%) og eldri ungmenni (88%) voru einnig líklegri til að hafa stundað nám en þau sem voru yngri en 25 ára (77%).

Tafla 34. Hefur þú stundað nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	237	80,9%	80,9%
Nei	56	19,1%	19,1%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 34b. Hefur þú stundað nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk? – Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	237	81%	56	19%	293
Kyn barns					
Piltur	116	74%	41	26%	157
Stúlka	121	89%	15	11%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	144	77%	43	23%	187
25 ára eða eldra	93	88%	13	12%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	167	80%	43	20%	210
Landsbyggð	70	84%	13	16%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	64	84%	12	16%	76
Götusmiðjan	90	81%	21	19%	111
Önnur meðferðarheimili	83	78%	23	22%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	104	87%	15	13%	119
Á árunum 2004 til 2007	122	76%	38	24%	160

Ungmennni sem höfðu stundað nám eftir að meðferð lauk voru spurð hvernig þeim hafi gengið í náminu. Ríflega 69% sögðu sér hafa gengið mjög eða frekar vel að stunda námið (sjá töflu 35). Um það bil 80% barna sem vistuð voru í Götusmiðjunni hafði gengið vel að stunda nám, sömu sögu sögðu um 70% þeirra sem dvöldu á öðrum meðferðarheimilum og 60% þeirra sem dvöldu á Stuðlum (sjá töflu 35b).

Tafla 35. Hvernig hefur þér gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	105	45,1%	45,1%
Frekar vel	56	24,0%	24,0%
Hvorki vel né illa	25	10,7%	10,7%
Frekar illa	25	10,7%	10,7%
Mjög illa	22	9,4%	9,4%
Fjöldi svara	233	100%	
Veit ekki	2		
Á ekki við, hef ekki stundað nám eftir að meðferð lauk	58		
Alls	293		

Tafla 35b. Hvernig hefur þér gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk? - Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar vel		Hvorki vel né illa		Mjög/frekar illa		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	161	69%	25	11%	47	20%	233
Kyn barns							
Piltur	72	64%	15	13%	26	23%	113
Stúlka	89	74%	10	8%	21	18%	120
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	93	65%	17	12%	33	23%	143
25 ára eða eldra	68	76%	8	9%	14	16%	90
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	116	71%	14	9%	33	20%	163
Landsbyggð	45	64%	11	16%	14	20%	70
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	38	59%	9	14%	17	27%	64
Götusmiðjan	68	78%	8	9%	11	13%	87
Önnur meðferðarheimili	55	67%	8	10%	19	23%	82
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	72	70%	9	9%	22	21%	103
Á árunum 2004 til 2007	83	69%	15	13%	22	18%	120

Mikill meirihluti þátttakenda hafði stundað vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (97%). Vegna einsleitni í svörum, var þessi spurning ekki greind eftir bakgrunni þátttakenda.

Tafla 36. Hefur þú stundað vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	283	96,6%	96,6%
Nei	10	3,4%	3,4%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Þau börn sem höfðu stundað vinnu eftir að dvölinni lauk voru spurð hvernig það hafi gengið. Meirihluti svarenda (83%) var á því að þeim hafi gengið vel að stunda vinnu (sjá töflu 37) og skipti þá ekki máli á hvaða meðferðarheimili þeir voru vistaðir (sjá töflu 37b).

Tafla 37. Hvernig hefur þér gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	174	61,9%	61,9%
Frekar vel	59	21,0%	21,0%
Hvorki vel né illa	17	6,0%	6,0%
Frekar illa	17	6,0%	6,0%
Mjög illa	14	5,0%	5,0%
Fjöldi svara	281	100%	
Veit ekki	2		
Á ekki við, hef ekki stundað vinnu eftir að meðferð lauk	10		
Alls	293		

Tafla 37b. Hvernig hefur þér gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk? - Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar vel		Hvorki vel né illa		Mjög/frekar illa		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	233	83%	17	6%	31	11%	281
Kyn barns							
Piltur	130	85%	10	7%	13	8%	153
Stúlka	103	80%	7	5%	18	14%	128
Aldur barns							
Yngra en 25 ára	148	83%	10	6%	20	11%	178
25 ára eða eldra	85	83%	7	7%	11	11%	103
Núverandi búseta barns							
Höfuðborgarsvæði	168	84%	11	5%	22	11%	201
Landsbyggð	65	81%	6	8%	9	11%	80
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	59	80%	8	11%	7	9%	74
Götusmiðjan	91	85%	7	7%	9	8%	107
Önnur meðferðarheimili	83	83%	2	2%	15	15%	100
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	94	82%	8	7%	12	11%	114
Á árunum 2004 til 2007	129	84%	8	5%	16	10%	153

Tæplega helmingur svarenda hafði farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (sjá töflu 38). Líklegra var að svarendur 25 ára og eldri (57%) hefðu farið í vímuefnameðferð en þeir sem voru yngri en 25 ára (39%). Sömuleiðis var líklegra að svarendur af höfuðborgarsvæðinu (49%) hefðu farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu en þeir sem búsettir voru utan höfuðborgarinnar (36%). Ríflega helmingur ungmenna sem dvöldu í Götusmiðjunni höfðu farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvölinni lauk. Hið sama átti við um 43% ungmenna sem dvöldu síðast á Stuðlum og rúmlega 40% þeirra sem dvöldu á öðrum meðferðarheimilum (sjá töflu 38b).

Tafla 38. Hefur þú farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	133	45,4%	45,4%
Nei	160	54,6%	54,6%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 38b. Hefur þú farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	133	45%	160	55%	293
Kyn barns					
Piltur	79	50%	78	50%	157
Stúlka	54	40%	82	60%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	73	39%	114	61%	187
25 ára eða eldra	60	57%	46	43%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	103	49%	107	51%	210
Landsbyggð	30	36%	53	64%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	33	43%	43	57%	76
Götusmiðjan	57	51%	54	49%	111
Önnur meðferðarheimili	43	41%	63	59%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	66	55%	53	45%	119
Á árunum 2004 til 2007	60	38%	100	63%	160

Tafla 39 sýnir að algengast var að meira en ár væri liðið frá síðustu meðferð (31%) en 11% ungmennanna höfðu farið í eina meðferð á undangengnum 12 mánuðum (sjá töflu 39).

Tafla 39. Hversu oft hefur þú farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hef aldrei farið í meðferð eftir að dvöl lauk	160	54,8%	54,8%
Meira en 12 mánuðir eru liðnir frá síðustu meðferð	90	30,8%	30,8%
Einu sinni á sl. 12 mánuðum	31	10,6%	10,6%
Tvisvar á sl. 12 mánuðum	5	1,7%	1,7%
Þrisvar eða oftar á sl. 12 mánuðum	6	2,1%	2,1%
Fjöldi svara	292	100%	
Veit ekki	1		
Alls	293		

Ríflega helmingur svarenda hafði leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (sjá töflu 40). Stúlkur (66%) voru líklegri en piltar (42%) til að hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika (sjá töflu 40b).

Tafla 40. Hefur þú leitað þér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	156	53,2%	53,2%
Nei	137	46,8%	46,8%
Fjöldi svara	293	100%	
Veit ekki	0		
Alls	293		

Tafla 40b. Hefur þú leitað þér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	156	53%	137	47%	293
Kyn barns					
Piltur	66	42%	91	58%	157
Stúlka	90	66%	46	34%	136
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	98	52%	89	48%	187
25 ára eða eldra	58	55%	48	45%	106
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	108	51%	102	49%	210
Landsbyggð	48	58%	35	42%	83
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	42	55%	34	45%	76
Götusmiðjan	61	55%	50	45%	111
Önnur meðferðarheimili	53	50%	53	50%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	67	56%	52	44%	119
Á árunum 2004 til 2007	80	50%	80	50%	160

Tafla 41 sýnir að 17% ungmenna leituðu sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika fyrir meira en 12 mánuðum síðan. Aftur á móti höfðu 22% þrisvar sinnum eða oftár leitað sér aðstoðar vegna þess háttar vandkvæða á undangengnum 12 mánuðum.

Tafla 41. Hversu oft hefur þú leitað þér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
Hef aldrei leitað aðstoðar eftir að meðferð lauk	137	46,9%		46,9%
Leitaði aðstoðar fyrir meira en 12 mánuðum	49	16,8%		16,8%
Einu sinni á sl. 12 mánuðum	36	12,3%		12,3%
Tvisvar á sl. 12 mánuðum	6	2,1%		2,1%
Þrisvar eða oftár á sl. 12 mánuðum	64	21,9%		21,9%
Fjöldi svara	292	100%		
Veit ekki	1			
Alls	293			

Tafla 42 sýnir að tæplega þriðjungur svarenda hafði setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvölinni lauk. Piltar (41%) höfðu frekar setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi en stúlkur (18%) (sjá töflu 42b).

Tafla 42. Hefur þú settið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
Já, í gæsluvarðhaldi	47	16,4%		16,4%
Já, í fangelsi	19	6,6%		6,6%
Já, í gæsluvarðhaldi og fangelsi	21	7,3%		7,3%
Nei	200	69,7%		69,7%
Fjöldi svara	287	100%		
Veit ekki	5			
Neitar að svara	1			
Alls	293			

Tafla 42b. Hefur þú settið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk? - Bakgrunnsgreining

	Já, í gæsluvarðhaldi og/eða fangelsi		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	87	30%	200	70%	287
Kyn barns					
Piltur	64	41%	92	59%	156
Stúlka	23	18%	108	82%	131
Aldur barns					
Yngra en 25 ára	51	28%	132	72%	183
25 ára eða eldra	36	35%	68	65%	104
Núverandi búseta barns					
Höfuðborgarsvæði	64	31%	142	69%	206
Landsbyggð	23	28%	58	72%	81
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	22	31%	50	69%	72
Götusmiðjan	37	34%	72	66%	109
Önnur meðferðarheimili	28	26%	78	74%	106
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	41	35%	76	65%	117
Á árunum 2004 til 2007	41	26%	115	74%	156

Tafla 43 sýnir að 14% ungmenna höfðu setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi einu sinni eftir að meðferð lauk, 4% höfðu setið inni tvisvar sinnum og 13% höfðu setið inni þrisvar sinnum eða oftar.

Tafla 43. Hversu oft hefur þú setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl þinni á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hef aldrei setið inni eftir að meðferð lauk	200	69,9%	69,9%
Einu sinni	39	13,6%	13,6%
Tvisvar sinnum	11	3,8%	3,8%
Þrisvar eða oftar	36	12,6%	12,6%
Fjöldi svara	286	100%	
Veit ekki	1		
Svarar ekki	6		
Alls	293		

Ungmenni sem höfðu setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk, voru spurð um ástæðu þess að þau sátu inni. Um opna spurningu var að ræða en í töflu 44 er búið að flokka svör þátttakenda. Tafla 44 sýnir að algengast var að svarendur sætu inni fyrir fíkniefnalagabrot (37%), ofbeldisbrot (29%) eða fyrir innbrot, þjófnað eða rán (24%).

Tafla 44. Fyrir hvað sastu í gæsluvarðhaldi eða fangelsi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Fyrir fíkniefnalagabrot	31	36,9%	36,9%
Fyrir ofbeldisbrot	24	28,6%	28,6%
Fyrir innbrot, þjófnað eða rán	20	23,8%	23,8%
Fyrir ölvun	9	10,7%	10,7%
Fyrir brot á umferðarlögum (td. akstur undir áhrifum)	8	9,5%	9,5%
Fyrir sýbrot	6	7,1%	7,1%
Fyrir útigang eða stök	3	3,6%	3,6%
Vegna ógreiddra sekta	2	2,4%	2,4%
Fyrir auðgunarbrot	2	2,4%	2,4%
Annað nefnt	7	8,3%	8,3%
Fjöldi svara	112	133%	Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	87		er hlutfall svara alls yfir 100%.
Veit ekki	0		
Á ekki við, hef ekki setið inni	200		

Hvað einkenndi dvölinu á meðferðarheimilinu?

Í seinni hluta gagnaöflunar, þ.e. í könnuninni sem framkvæmd var haustið 2011 var að finna opna spurningu um hvað einkenndi dvölinu á meðferðarheimilinu. Svör þátttakenda við spurningunni voru þemagreind til að finna ákveðin mynstur í svörunum. Hér er að finna greiningu á þeirri spurningu sem beint var til ungmennanna, en síðar í skýrslunni er að finna greiningu á svörum aðstandenda. Þessar spurningar til barna og foreldra (í flestum tilvikum mæðra) gáfu svarendum kost á því að segja með eigin orðum hvað stóð uppúr þegar litið er til baka til þess tíma er börnin voru á meðferðarheimilinu. Flest svörin eru frekar stutt en gefa okkur þó dýpri mynd af reynslu barna sem hafa dvalið á meðferðarheimilum. Þau eru jafnframt mikilvægar ábendingar fyrir alla sem láta sig málið varða, jafnt opinbera aðila sem stjórnendur og starfsfólk sem starfa á meðferðarheimilum.

Börn sem höfðu dvalið á meðferðarheimili voru spurð eftirfarandi spurningar: *Þegar þú lítur til baka, hvað finnst þér hafa einkennt dvöl þína á meðferðarheimilinu?* Við þessari spurningu fengust 157 svör (76% þátttakenda svöruðu spurningunni). Svörin voru afar fjölbreytileg, en í grófum dráttum má skipta þeim í tvennt. Annars vegar svör sem snúa að upplifun barnanna af meðferðinni og hvernig þeim leið meðan á dvölinni stóð og hins vegar svör sem snúa að viðhorfi barnanna til þeirra sem störfuðu á meðferðarheimilunum.

Börnin greindu frá því hvað meðferðin hefði gert fyrir þau persónulega og hvernig þeim leið á tímabilinu. Sérstaklega voru nefndir þættir eins og þau hefðu náð árangri, hefði liðið vel og jafnvel að dvölin hafi verið skemmtileg. Eftirfarandi tilvitnanir gefa dæmi um hve sum barnanna höfðu gott af því að komast í annað umhverfi:

Var eins og annað heimili mitt í marga mánuði og á góðar minningar þaðan.

Eini tíminn öll unglingsárin sem mér leið vel. Öryggi einkenndi dvölinu.

Leið vel, eðlilegt umhverfi og mjög þægilegt.

Sum ungmennanna nefndu að þau hefðu lært að þekkja sjálfa sig betur meðan á dvölinni stóð. Dvölin hafi opnað augu þeirra og verið staður til að takast á við vandamál:

Misnotkun áfengis eða vímuefna	57	30%	133	70%	190
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	38	37%	65	63%	103
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	24	45%	29	55%	53
Útigangur	10	27%	27	73%	37
Afbrotahegðun	11	28%	28	72%	39
Fjölskylduvandi	6	43%	8	57%	14

Allir þátttakendur (bæði þeir sem töldu sig hafa fengið nægilegan stuðning og þeim sem fannst skorta á stuðning) voru spurðir hvers konar stuðning þeir fengu. Um opna spurningu var að ræða. Í töflu 72 er búið að flokka svör þátttakenda í níu meginflokkum. Við flokkunina var miðað við fyrsta atriðið sem aðstandendur nefndu, ef þeir nefndu fleiri en eina tegund stuðnings. Taflan sýnir að meirihluti aðstandenda (57%) taldi sig engan stuðning hafa fengið, en nokkrir höfðu fengið stuðning frá Barnavernd (8%), félagsþjónustunni (8%) og með því að tala við félagsráðgjafa eða sálfræðing (8%). Taflan sýnir að 16 foreldrar sögðust hafa fengið stuðning frá meðferðarheimilinu eftir að meðferð lauk. Við athugun á því hvaða meðferðarheimili var um að ræða, kom í ljós að í fimm tilvikum hafði barnið dvalið síðast á Stuðlum og í sjö tilvikum hafði barnið dvalið í Götusmiðjunni.



Tafla 72. Hvers konar stuðning fékkstu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Engian stuðning	181	57,1%	57,1%
Stuðning frá félagsþjónustunni	25	7,9%	7,9%
Stuðning frá Barnavernd	25	7,9%	7,9%
Viðtöl hjá félagsráðgjafa og/eða sálfræðingi, ótilgreint hvar	24	7,6%	7,6%
Stuðning í Foreldrahúsi	19	6,0%	6,0%
Stuðning frá meðferðarheimilinu eftir að meðferð lauk	16	5,0%	5,0%
Stuðning þegar barnið fór á áfangahæimili, athvarf eða annað meðferðarheimili	6	1,9%	1,9%
Stuðning frá SÁÁ	6	1,9%	1,9%
Stuðning frá félagsráðgjafa og/eða sálfræðingi á BUGL	1	0,3%	0,3%
Annars konar stuðning	14	4,4%	4,4%
Fjöldi svara	317	100%	
Veit ekki	15		
Alls	332		

Afdrif barnsins

Kannað var hvernig ungmennunum reiddi af eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk. Tafla 73 sýnir að innan við helmingur aðstandenda (39%) sagði barnið hafa náð að halda sig frá vanda eftir að dvölinni lauk. Ríflega þriðjungur barna sem vistuð voru í Götusmiðjunni hafði náð að halda sig frá vanda eftir að meðferð lauk en hlutfallið var um og yfir 40% meðal barna sem höfðu dvalið á Stuðlum (41%) og öðrum meðferðarheimilum (43%). Nokkur munur var á svörum foreldra við spurningunni eftir ástæðunni fyrir því að barnið var vistað á meðferðarheimili. Nærri helmingur barna sem vistuð voru á meðferðarheimili Barnaverndarstofu vegna fjölskylduvanda hafði náð að halda sig frá vanda eftir að meðferð lauk. Hið sama átti einungis við um fjórðung þeirra sem vistuð voru vegna afbrotahæðunar (sjá töflu 73b).

Tafla 73. Hefur sonur þinn/dóttir þín náð að halda sig frá vanda eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	125	39,4%	 39,4%
Nei	192	60,6%	 60,6%
Fjöldi svara	317	100%	
Á ekki við	7		
Veit ekki	5		
Neitar að svara	3		
Alls	332		

Tafla 73b. Hefur sonur þinn/dóttir þín náð að halda sig frá vanda eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk? - Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	125	39%	192	61%	317
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	28	33%	57	67%	85
46 til 55 ára	80	42%	110	58%	190
56 ára og eldri	16	40%	24	60%	40
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	86	39%	134	61%	220
Landsbyggð	38	40%	58	60%	96
Kyn barns					
Piltur	60	35%	110	65%	170
Stúlka	64	44%	82	56%	146
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	82	40%	122	60%	204
25 ára eða eldri	42	38%	70	63%	112
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	32	41%	47	59%	79
Götusmiðjan	36	34%	70	66%	106
Önnur meðferðarheimili	56	43%	73	57%	129
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	41	35%	77	65%	118
Á árunum 2004 til 2007	62	43%	82	57%	144
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	58	30%	137	70%	195
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	43	44%	54	56%	97
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	15	30%	35	70%	50
Útigangur	14	38%	23	62%	37
Afbrotahegðun	10	25%	30	75%	40
Fjölskylduvandi	7	47%	8	53%	15

Aðstandendur sem sögðu barn sitt hafa náð að halda sig frá vanda eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk voru spurðir hvað þeir teldu hafa hjálpað barninu við að halda sig á réttri braut. Tafla 74 sýnir að hlutfallslega flestir (46%) nefndu stuðning foreldra við barnið og/eða eftirlit foreldra með barninu. Þá nefndi 31% stuðning í fjölskyldu eða nánasta umhverfi hennar og ríflega fjórðungur sagði barnið sjálft hafa öðlast proska eða vilja til að halda sig frá vanda.

Tafla 74. Hvað telur þú helst að hafi hjálpað syni þínum/dóttur þinni við að halda sér frá vanda eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Stuðningur foreldra við barnið og/eða eftirlit foreldra með barninu	55	45,5%	45,5%
Stuðningur í fjölskyldu eða nánasta umhverfi hennar	38	31,4%	31,4%
Aukinn þroski barns, viljastyrkur eða barneignir	31	25,6%	25,6%
Jákvæður félagsskapur barns	25	20,7%	20,7%
Að barnið héldi sig frá áfengi og/eða vímuefnum	25	20,7%	20,7%
Bætt hæfni eða samheldni foreldra	12	9,9%	9,9%
Námsáhugi eða námshæfni barns	12	9,9%	9,9%
Arvinna	9	7,4%	7,4%
Stuðningur við barnið á meðferðarheimilinu	8	6,6%	6,6%
Eftir meðferð eða dvöl á áfangahemili	8	6,6%	6,6%
Stuðningur við barn innan skólans	2	1,7%	1,7%
Annað nefnt	17	14,0%	14,0%
Fjöldi svara	242	200%	ⁱ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	121		er hlutfall svarenda alls yfir 100%
Veit ekki	0		
Svarar ekki	19		
Á ekki við, barn hefur ekki náð að halda sér frá vanda	192		

Aðstandendur sem sögðu barn sitt ekki hafa náð að halda sig frá vanda voru spurðir hvað þeir teldu hafa komið í veg fyrir að barnið næði að halda sig á réttri braut. Alls sögðu 52% aðstandenda að áfengis- eða vímuefnavandi barnsins stæði í vegi fyrir að það næði að halda sig frá vanda. Um 39% nefndu neikvæðan félagsskap barnsins og 26% nefndu tilfinningaleg- eða geðræn vandamál barns (sjá töflu 75).

Tafla 75. Hvað telur þú að hafi komið í veg fyrir að sonur þinn/dóttir þín héldi sig á réttri braut eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Áfengis- eða vímuefnavandi barns	94	51,6%	51,6%
Neikvæður félagsskapur barns	71	39,0%	39,0%
Tilfinningaleg- eða geðræn vandamál barns	47	25,8%	25,8%
Skortur á stuðningi frá fagaðilum eftir að meðferð lauk	22	12,1%	12,1%
Ónógur stuðningur við barn innan skólans	13	7,1%	7,1%
Skóla- eða námserfiðleikar barns	11	6,0%	6,0%
Proskaleysi barns	11	6,0%	6,0%
Alvarleg áföll sem barnið varð fyrir	10	5,5%	5,5%
Neikvæð reynsla af meðferðinni	8	4,4%	4,4%
Ónóg hæfni, ósamheldni eða ósætti milli foreldra	6	3,3%	3,3%
Ónógur stuðningur í fjölskyldu eða nánasta umhverfi hennar	6	3,3%	3,3%
Ónógur stuðningur og/eða eftirlit frá foreldrum barns	5	2,7%	2,7%
Vandi foreldra eða foreldris (áfengi eða vímuefni; geðrænin erfiðleikar eða áföll)	4	2,2%	2,2%
Of stuttur tími í meðferð	4	2,2%	2,2%
Efnahagslegar aðstæður foreldra	1	0,5%	0,5%
Atvinnuleysi barns	1	0,5%	0,5%
Annað nefnt	25	13,7%	13,7%
Fjöldi svara	339	186%	¹ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	182		er hlutfall svarenda alls yfir 100%
Veit ekki	0		
Svarar ekki	25		
Á ekki við, barn hefur náð að halda sér á réttri braut	125		

Alls sögðu 69% foreldra barnið hafa stundað nám eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk (sjá töflu 76). Stúlkur (79%) höfðu frekar stundað nám en piltar (61%) (sjá töflu 69b).

Tafla 76. Hefur sonur þinn/dóttir þín stundað nám eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	228	69,1%	69,1%
Nei	102	30,9%	30,9%
Fjöldi svara	330	100%	
Veit ekki	1		
Neitar að svara	1		
Alls	332		

Tafla 76b. Hefur sonur þinn/dóttir þín stundað nám eftir að meðferð lauk? – Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	228	69%	102	31%	330
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	62	68%	29	32%	91
46 til 55 ára	137	70%	58	30%	195
56 ára og eldri	27	64%	15	36%	42
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	153	67%	75	33%	228
Landsbyggð	74	73%	27	27%	101
Kyn barns					
Piltur	108	61%	70	39%	178
Stúlka	119	79%	32	21%	151
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	146	69%	67	31%	213
25 ára eða eldri	81	70%	35	30%	116
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	60	71%	24	29%	84
Götusmiðjan	73	68%	34	32%	107
Önnur meðferðarheimili	93	69%	42	31%	135
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	91	75%	31	25%	122
Á árunum 2004 til 2007	100	67%	49	33%	149
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	129	65%	69	35%	198
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	76	72%	29	28%	105
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	38	70%	16	30%	54
Útigangur	22	59%	15	41%	37
Afbrotahegðun	26	65%	14	35%	40
Fjölskylduvandi	11	69%	5	31%	16

Nærri 65% aðstandenda sögðu námið hafa gengið mjög eða frekar vel, 11% sögðu barninu hvorki hafa gengið vel né illa að stunda nám sitt og tæplega fjórðungur sagði námið hafa gengið mjög eða frekar illa (sjá töflu 77). Svör foreldranna benda til að piltum hafi gengið verr að stunda nám en stúlkum. Þá hafði nærri fjórðungi barna sem voru yngri en 25 ára gengið illa að stunda nám. Hið sama átti við um einungis 14% þeirra sem voru 25 ára eða eldri. Samkvæmt svörum foreldra hafði 78% barna í Götusmiðjunni sem höfðu stundað nám gengið vel að stunda námið. Á sömu skoðun voru 64% foreldra þeirra barna á Stuðlum sem höfðu stundað nám og 55% foreldra sem áttu börn á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu sem höfðu stundað nám. Loks má nefna að um 40% foreldra barna sem vistuð voru á meðferðarheimili vegna tilfinningavanda eða geðrænna erfiðleika eða hegðunarvanda og/eða ofbeldishegðunar sögðu barninu hafa gengið illa að stunda nám. Þetta átti einungis við um 17% foreldra barna sem vistuð voru vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu (sjá töflu 77b).

Tafla 77. Hvernig hefur syni þínum/dóttur þinni gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	105	47,3%	47,3%
Frekar vel	39	17,6%	17,6%
Hvorki vel né illa	25	11,3%	11,3%
Frekar illa	27	12,2%	12,2%
Mjög illa	26	11,7%	11,7%
Fjöldi svara	222	100%	
Veit ekki	5		
Neitar að svara	3		
Á ekki við, barn hefur ekki stundað nám	102		
Alls	332		

Tafla 77b. Hvernig hefur syni þínum/dóttur þinni gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk? – Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar vel		Hvorki vel né illa		Mjög/frekar illa		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	144	65%	25	11%	53	24%	222
Aldur foreldris							
Yngri en 45 ára	36	61%	9	15%	14	24%	59
46 til 55 ára	90	67%	13	10%	31	23%	134
56 ára og eldri	17	63%	3	11%	7	26%	27
Búseta foreldris							
Höfuðborgarsvæði	94	63%	17	11%	39	26%	150
Landsbyggð	50	70%	8	11%	13	18%	71
Kyn barns							
Piltur	60	58%	11	11%	33	32%	104
Stúlka	83	71%	14	12%	20	17%	117
Aldur barns							
Yngri en 25 ára	87	61%	15	10%	41	29%	143
25 ára eða eldri	57	73%	10	13%	11	14%	78
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	37	64%	8	14%	13	22%	58
Götusmiðjan	56	78%	6	8%	10	14%	72
Önnur meðferðarheimili	50	55%	11	12%	30	33%	91
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	66	75%	9	10%	13	15%	88
Á árunum 2004 til 2007	62	64%	12	12%	23	24%	97
Ástæða vistunar							
Misnotkun áfengis eða vímuefna	93	74%	12	10%	21	17%	126
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	36	49%	8	11%	30	41%	74
Hegðunarvandi/ofbeldishegðun	20	56%	2	6%	14	39%	36
Útigangur	13	62%	2	10%	6	29%	21
Afbrotahegðun	15	58%	3	12%	8	31%	26
Fjölskylduvandi	7	64%	1	9%	3	27%	11

Mikill meirihluti aðstandenda kvað barnið hafa stundað vinnu eftir að meðferð lauk (90%) (sjá töflu 78). Í töflu 78b má sjá hvernig svör aðstandenda við spurningunni skiptust eftir bakgrunnspáttum.

Tafla 78. Hefur sonur þinn/dóttir þín stundað vinnu eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	292	89,6%	89,6%
Nei	34	10,4%	10,4%
Fjöldi svara	326	100%	
Veit ekki	2		
Neitar að svara	4		
Alls	332		

Tafla 78b. Hefur sonur þinn/dóttir þín stundað vinnu eftir að meðferð lauk? – Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	292	90%	34	10%	326
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	82	91%	8	9%	90
46 til 55 ára	171	89%	21	11%	192
56 ára og eldri	38	90%	4	10%	42
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	200	88%	26	12%	226
Landsbyggð	91	92%	8	8%	99
Kyn barns					
Piltur	160	90%	17	10%	177
Stúlka	131	89%	17	11%	148
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	186	88%	26	12%	212
25 ára eða eldri	105	93%	8	7%	113
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	76	90%	8	10%	84
Götusmiðjan	90	85%	16	15%	106
Önnur meðferðarheimili	123	93%	9	7%	132
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	113	95%	6	5%	119
Á árunum 2004 til 2007	124	84%	24	16%	148
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	170	87%	26	13%	196
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	93	90%	10	10%	103
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	49	91%	5	9%	54
Útigangur	34	92%	3	8%	37
Afbrotahegðun	36	90%	4	10%	40
Fjölskylduvandi	14	88%	2	13%	16

Meirihluti foreldra (69%) sagði barninu hafa gengið mjög eða frekar vel að stunda vinnu. Um 9% sögðu það hvorki hafa gengið vel né illa og 22% að því gengi það frekar eða mjög illa (sjá töflu 79). Alls sögðu 78% aðstandenda sem áttu barn í Götusmiðjunni að barninu hafi gengið vel að stunda vinnu eftir að meðferð lauk. Sömu reynslu lýstu 60% foreldra sem áttu barn sem vistað var á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu (sjá töflu 79b).

Tafla 79. Hvernig hefur syni þínum/dóttur þinni gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	152	53,0%	53,0%
Frekar vel	45	15,7%	15,7%
Hvorki vel né illa	26	9,1%	9,1%
Frekar illa	28	9,8%	9,8%
Mjög illa	36	12,5%	12,5%
Fjöldi svara	287	100%	
Veit ekki	5		
Svarar ekki	6		
Á ekki við, barn hefur ekki stundað vinnu	34		
Alls	332		

Tafla 79b. Hvernig hefur syni þínum/dóttur þinni gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk?

	Mjög/frekar vel		Hvorki vel né illa		Mjög/frekar illa		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	197	69%	26	9%	64	22%	287
Aldur foreldris							
Yngri en 45 ára	54	67%	11	14%	16	20%	81
46 til 55 ára	113	67%	11	7%	44	26%	168
56 ára og eldri	30	81%	3	8%	4	11%	37
Búseta foreldris							
Höfuðborgarsvæði	133	68%	12	6%	50	26%	195
Landsbyggð	64	70%	13	14%	14	15%	91
Kyn barns							
Piltur	107	69%	13	8%	36	23%	156
Stúlka	89	68%	13	10%	28	22%	130
Aldur barns							
Yngri en 25 ára	124	67%	18	10%	42	23%	184
25 ára eða eldri	73	72%	7	7%	22	22%	102
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast							
Stuðlar	52	71%	5	7%	16	22%	73
Götusmiðjan	69	78%	5	6%	15	17%	89
Önnur meðferðarheimili	74	60%	16	13%	33	27%	123
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu							
Á árunum 2000 til 2003	84	76%	8	7%	18	16%	110
Á árunum 2004 til 2007	87	71%	10	8%	25	20%	122
Ástæða vistunar							
Misnotkun áfengis eða vímuefna	120	72%	12	7%	35	21%	167
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	58	62%	12	13%	23	25%	93
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	31	66%	2	4%	14	30%	47
Útígangur	22	65%	3	9%	9	26%	34
Afbrotahegðun	21	58%	3	8%	12	33%	36
Fjölskylduvandi	10	71%	0	0%	4	29%	14

Um 44% foreldra sögðu barnið hafa farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (sjá töflu 80). Elstu börnin höfðu frekar farið í áfengis- eða fíkniefnameðferð en þau sem voru yngri. Þannig sögðu 55% foreldra barna 25 ára og eldri að barnið hafi farið í meðferð en hið sama átti við um 38% foreldra barna sem voru yngri en 25 ára. Helmingur foreldra barna sem vistuð voru í Götusmiðjunni sagði barnið hafa farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu samanborið við 36% foreldra sem áttu barn á Stuðlum. Foreldrar barna sem vistuð voru á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu vegna tilfinningavanda eða geðrænna erfiðleika (33%) eða fjölskylduvanda (31%) greindu síður frá því að barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis eða fíkniefnaneyslu en foreldrar annarra barna (46-63%) (sjá töflu 80b).

Tafla 80. Hefur hann/hún farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	145	44,1%	44,1%
Nei	184	55,9%	55,9%
Fjöldi svara	329	100%	
Veit ekki	3		
Alls	332		

Tafla 80b. Hefur hann/hún farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk? – Bakgrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	145	44%	184	56%	329
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	35	39%	55	61%	90
46 til 55 ára	91	47%	104	53%	195
56 ára og eldri	18	43%	24	57%	42
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	107	47%	120	53%	227
Landsbyggð	38	38%	63	62%	101
Kyn barns					
Piltur	76	43%	102	57%	178
Stúlka	69	46%	81	54%	150
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	82	38%	131	62%	213
25 ára eða eldri	63	55%	52	45%	115
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	30	36%	54	64%	84
Götusmiðjan	54	50%	53	50%	107
Önnur meðferðarheimili	60	44%	75	56%	135
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	66	54%	56	46%	122
Á árunum 2004 til 2007	50	34%	98	66%	148
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	112	57%	84	43%	196
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	34	33%	70	67%	104
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	25	46%	29	54%	54
Útigangur	22	61%	14	39%	36
Afbrotahegðun	25	63%	15	38%	40
Fjölskylduvandi	5	31%	11	69%	16

Tafla 81 sýnir að 27% aðstandenda sögðu barnið hafa farið í áfengis- eða fíkniefnameðferð eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk en að meira en 12 mánuðir væru liðnir frá síðustu meðferð. Aftur á móti sögðu 17% foreldra barnið hafa farið í a.m.k. eina meðferð á undangengnum 12 mánuðum.

Tafla 81. Hversu oft hefur hann/hún farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hefur aldrei farið í meðferð eftir að dvöl lauk	184	56,8%	56,8%
Meira en 12 mánuðir eru liðnir frá síðustu meðferð	86	26,5%	26,5%
Einu sinni á síðustu 12 mánuðum	31	9,6%	9,6%
Tvisvar á síðustu 12 mánuðum	12	3,7%	3,7%
Þrisvar eða oftar á síðustu 12 mánuðum	11	3,4%	3,4%
Fjöldi svara	324	100%	
Veit ekki	5		
Svarar ekki	3		
Alls	332		

Tafla 82 sýnir að 53% aðstandenda sögðu barn sitt hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Töluverður munur var á svörum við spurningunni eftir aldri foreldranna. Yngri foreldrar sögðu barnið síður hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna vandkvæða en hinir eldri. Þá höfðu stúlkur (60%) frekar leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika en piltar (47%) (sjá töflu 82b).

Tafla 82. Hefur hann/hún leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	170	53,0%	53,0%
Nei	151	47,0%	47,0%
Fjöldi svara	321	100%	
Veit ekki	8		
Neitar að svara	3		
Alls	332		

Tafla 82b. Hefur hann/hún leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk? – Bakbrunnsgreining

	Já		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	170	53%	151	47%	321
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	34	38%	55	62%	89
46 til 55 ára	107	56%	83	44%	190
56 ára og eldri	28	70%	12	30%	40
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	113	51%	110	49%	223
Landsbyggð	57	59%	40	41%	97
Kyn barns					
Piltur	81	47%	92	53%	173
Stúlka	88	60%	59	40%	147
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	108	52%	101	48%	209
25 ára eða eldri	62	56%	49	44%	111
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	39	48%	43	52%	82
Götusmiðjan	55	53%	48	47%	103
Önnur meðferðarheimili	74	56%	59	44%	133
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	67	58%	49	42%	116
Á árunum 2004 til 2007	71	49%	75	51%	146
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	100	52%	93	48%	193
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	64	63%	38	37%	102
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	34	65%	18	35%	52
Útigangur	20	54%	17	46%	37
Afbrotahegðun	20	51%	19	49%	39
Fjölskylduvandi	11	73%	4	27%	15

Tafla 83 sýnir að 22% aðstandenda sögðu barnið hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika þrisvar sinnum eða oftar á undangengnum 12 mánuðum. Þá sögðu 50% aðstandenda barnið aldrei hafa leitar sér aðstoðar eftir að meðferð lauk og 17% að leitað hafi verið eftir aðstoð fyrir meira en 12 mánuðum.

Tafla 83. Hversu oft hefur hann/hún leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hefur aldrei leitað aðstoðar eftir að meðferð lauk	151	49,8%	49,8%
Leitaði aðstoðar fyrir meira en 12 mánuðum	52	17,2%	17,2%
Einu sinni á síðustu 12 mánuðum	23	7,6%	7,6%
Tvisvar á síðustu 12 mánuðum	11	3,6%	3,6%
Þrisvar eða oftar á síðustu 12 mánuðum	66	21,8%	21,8%
Fjöldi svara	303	100%	
Veit ekki	18		
Svarar ekki	11		
Alls	332		

Spurt var hvort barnið hafi setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Tafla 84 sýnir að minnihluti barnanna hafði að sögn foreldra setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi. Um 8% foreldra sögðu barnið hafa setið í gæsluvarðhaldi, 6% í fangelsi og 7% foreldra sögðu barnið hafa bæði setið í gæsluvarðhaldi og fangelsi. Piltar (27%) höfðu að sögn foreldra frekar setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi en stúlkur (14%) Þá voru aðstandendur sem sögðu börn sín hafa verið vistuð á meðferðarheimili vegna afbrotahæðunar (35%) líklegastir til að segja börnin hafa setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi (sjá töflu 84b).

Tafla 84. Hefur hann/hún setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já, í gæsluvarðhaldi	25	7,8%	7,8%
Já, í fangelsi	20	6,2%	6,2%
Já, í gæsluvarðhaldi og fangelsi	22	6,8%	6,8%
Nei	255	79,2%	79,2%
Fjöldi svara	322	100%	
Veit ekki	8		
Neitar að svara	2		
Alls	332		

Tafla 84b. Hefur hann/hún setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk? – Bakgrunnsgreining

	Já, í gæsluvarðhaldi og/eða fangelsi		Nei		Heildarfjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heild	67	21%	255	79%	322
Aldur foreldris					
Yngri en 45 ára	18	20%	70	80%	88
46 til 55 ára	41	21%	151	79%	192
56 ára og eldri	8	20%	32	80%	40
Búseta foreldris					
Höfuðborgarsvæði	51	23%	173	77%	224
Landsbyggð	16	16%	81	84%	97
Kyn barns					
Piltur	47	27%	127	73%	174
Stúlka	20	14%	127	86%	147
Aldur barns					
Yngri en 25 ára	42	20%	166	80%	208
25 ára eða eldri	25	22%	88	78%	113
Meðferðarheimilið sem barnið dvaldi á síðast					
Stuðlar	12	15%	67	85%	79
Götusmiðjan	24	22%	83	78%	107
Önnur meðferðarheimili	30	23%	103	77%	133
Síðasta dvöl á meðferðarheimilinu					
Á árunum 2000 til 2003	24	21%	93	79%	117
Á árunum 2004 til 2007	28	19%	119	81%	147
Ástæða vistunar					
Misnotkun áfengis eða vímuefna	46	24%	146	76%	192
Tilfinningavandi eða geðrænir erfiðleikar	16	16%	87	84%	103
Hegðunarvandi/öfbeldishegðun	12	23%	40	77%	52
Útigangur	6	17%	30	83%	36
Afbrotahegðun	13	35%	24	65%	37
Fjölskylduvandi	3	20%	12	80%	15

Tafla 85 sýnir að 11% aðstandenda sögðu barnið hafa setið einu sinni í fangelsi eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk, 4% sögðu það hafa gerst tvisvar og 6% sögðu barnið hafa setið þrisvar eða oftar í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl þeirra á meðferðarheimilinu lauk.

Tafla 85. Hversu oft hefur hann/hún setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Hefur aldrei setið inni eftir að meðferð lauk	255	79,7%	79,7%
Einu sinni	35	10,9%	10,9%
Tvisvar sinnum	12	3,8%	3,8%
Þrisvar eða oftar	18	5,6%	5,6%
Fjöldi svara	320	100%	
Veit ekki	2		
Svarar ekki	10		
Alls	332		

Aðstandendur voru spurðir opinna spurningar um hvers vegna barnið sat í gæsluvarðhaldi eða fangelsi. Í töflu 86 er búið að flokka svör aðstandenda. Um 44% foreldra sögðu barnið hafa setið inni fyrir fíkniefnalagabrot og jafnstór hópur sagði barnið hafa setið inni fyrir innbrot, þjófnað eða rán.

Tafla 86. Fyrir hvað sat hann/hún í gæsluvarðhaldi eða fangelsi?

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Hlutfall svarenda
Fyrir fíkniefnalagabrot	30	44,1%	44,1%
Fyrir innbrot, þjófnað eða rán	30	44,1%	44,1%
Fyrir ofbeldisbrot	10	14,7%	14,7%
Fyrir brot á umferðarlögum (t.d. akstur undir áhrifum)	8	11,8%	11,8%
Fyrir auðgunarbrot	7	10,3%	10,3%
Fyrir ölvun	2	2,9%	2,9%
Fyrir sibrot	1	1,5%	1,5%
Vegna ógreiddra sektu	0	0,0%	0,0%
Fyrir útgang eða stök	0	0,0%	0,0%
Annað nefnt	2	2,9%	2,9%
Fjöldi svara	90	133%	ⁱ Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði
Fjöldi svarenda	68		er hlutfall svarenda alls yfir 100%
Veit ekki	0		
Svarar ekki	10		
Á ekki við, hefur ekki setið inni	255		

Hvað einkenndi dvöl barnsins á meðferðarheimilinu?

Foreldrar voru spurðir opinna spurningar um hvað stæði helst uppúr í huga þeirra varðandi dvöl barna þeirra á meðferðarheimili. Við þessari spurningu fengust 198 svör (92% foreldra). Hér verður greint frá helstu þeimum sem komu fram við greiningu á opnum svörum þátttakenda og eru allar tilvitnanirnar í þessum kafla úr þessum opnu svörum. Helstu þemun snéru að viðmóti starfsfólks, meðferðarvinnunni, félagsskap barnsins inni á meðferðarheimilinu og eftirfylgni.

Margir foreldrar voru jákvæðir í garð dvalarinnar almennt og sögðu hana hafa hjálpað barni sínu:

Mér fannst þetta uppbyggilegt fyrir hana og hjálpaði henni úr neyslu.

Fín meðferðarstofnun. Gerði dótturinni gott. Hún lærði mikið og býr að því enn þann dag í dag.

Hann varð mjög lífsglaður og kátur eftir þetta. Hann hafði áhuga á að hjálpa fólkinu sem var í veseni og fékk innsýn í lífið. Hafði mjög gott af þessu.

Sumir foreldra sem voru ánægðir með dvölinu nefndu sérstaklega að starfsfólkið hefði verið gott og sinnt starfi sínu vel.

Frábært starfsfólk. Án þeirra hefði ég ekki náð drengnum upp úr þessu.

Allt starfsfólk og aðhlyning var til fyrirmyndar. Einn starfsmannanna hafði samband eftir að hann lauk meðferð og það fannst mér mjög mannlegt.

Kærleikurinn gagnvart börnunum og hjálpsemin og hvernig er komið fram við þau.

Annað þema sem kom fram í jákvæðu svörum voru þau góðu áhrif sem tiltekna tómsundur eða vinna hafði haft á börnin meðan á meðferðinni stóð. Þar nefndu foreldrar allt frá fjarnámi yfir í vinnu með fötluðum og hestamennsku.

Fékk að fara á hestbak, stökkva af fossum og fleira.

Hann gat spilað á hljóðfæri og lært það þar, var á trommum.

Hann fékk vinnu með húsverðinum úti og þeir voru að laga eitthvað og hann naut sín í því. Margir jákvæðir litlir þættir. Skiptir máli að hafa eitthvað fyrir stafni.

Það voru hestar og mikil útvíst og það bjargaði henni alveg. Hafði iðju til að sinna.

[Starfsmennirnir] komu honum af stað í líkamsrækt, hann varð alveg hooked á því.

Aðrir foreldrar voru neikvæðari í svörum sínum. Sumir nefndu almennt séð að þeim hefði ekki þótt dvölin á meðferðarheimilinu gera barni sínu gott án þess að tiltaka frekar hvað hefði mátt betur fara.

Ekki neitt nema kvöl, fannst meðferðin á engan hátt gera henni gott.

Var bara geymslustaður.

Hann var ekki tilbúinn, fluttur þangað nauðugur. Vistin gerði ekki neitt betra, reiðin jókst hjá honum.

Það er eitthvað sem ég reyni að hugsa ekki um. Ég batt miklar vonir við að þarna fengist einhver hjálp og ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum.

Eitt sjónarmiðanna var að börnin hefðu lent í slæmum félagsskap inni á meðferðarheimilunum sem hefði aukið á vanda þeirra. Þannig lýsir foreldri því að barnið hafi fyrst kynnst eiturlyfjum á meðferðarheimilinu:

Hefði aldrei átt að senda hann á meðferðarheimili til að byrja með - hópur fólks sem á við allskonar vandamál að stríða frá allskonar heimilum og það á ekki saman. Það á ekki bara að loka alla krakka sem eiga við vandamál að stríða á sama stað. Hann var upphaflega sendur á [meðferðarheimilið] til að fara í greiningu vegna námsörðugleika en kynnist þar öllum soranum á meðferðarheimilinu, t.d. eiturlyfjum.

Vismenn [meðferðarheimilisins] komu honum í vandan félagsskap og gerðu honum mjög illt.

Þarna komst hann í kynni við illa farna einstaklinga í mikilli neyslu - hann var inni vegna hegðunarvandamála.

Eitt af þeim þemum sem kom fram var að dvöl barnsins á meðferðarheimilinu hefði verið of stutt og að barnið hefði þurft lengri tíma til að vinna sig út úr vandanum.

Dvölin þarf að vera lengri, nokkrar vikur er ekki nóg.

Meðferðin var mánuður og eftir það var fátt í boði nema sérskóli. Mál sem þessi verða ekki afgreidd á mánuði.

Annað þema þessu tengt var að eftirfylgni vantaði þegar barnið útskrifast af meðferðarheimilinu.

Vantar eftirfylgni eftir meðferð - þar sem börnin eru frekar vernduð þann tíma á meðan meðferð stendur en svo er börnunum bara hent aftur út í hringiðuna eftir meðferðina án eftirfylgni.

Var engin eftirfylgni eftir að dvöl lauk og lenti í vondum félagsskap.

Framhaldsúrræðin ekki nógu markviss. Eftirfylgni með málum hans hefðu þurft að vera til staðar.


Af svörum má sjá að ákveðinn hópur foreldra var ánægður með dvölinu. Það sem einkum var nefnt í þeim efnum var að starfsfólkið hefði staðið sig vel og að tómstunda- og vinnutilboð meðan á dvölinni stóð hefði hjálpað börnunum við að vinna sig úr vandanum. Annar hópur foreldra var ekki ánægður með dvöl barna sinna á meðferðarheimili. Einkum var nefnt að börnin hefðu þar komist í kynni við slæman félagsskap og eiturlyf. Einnig að dvölin væri of stutt og að eftirfylgni vantaði eftir að meðferð lyki.

SAMANBURÐUR Á NIÐURSTÖÐUM MEÐAL BARNNA OG AÐSTANDENDA

Í þessum kafla eru borin saman svör barna og svör aðstandenda í könnuninum tveimur. Einungis þær spurningar sem voru lagðar bæði fyrir börn og foreldra eru til umræðu hér. Í umfjöllun um hverja spurningu er fyrst að finna myndir sem birta sömu niðurstöður og töflurnar í köflunum hér á undan, þ.e. hlutföll svara barna og aðstandenda við spurningum könnunarinnar. Síðan er að finna töflur sem sýna samræmi svara eftir að búið er að para saman svör barna og aðstandenda. Alls tókst að para saman 201 barn og aðstandendur. Þessar töflur sýna tíðni svara. Þannig sýnir tafla 87 til dæmis að 60 börn sögðust vera með grunnskólapróf eða minni menntun að baki. Alls voru 43 aðstandendur þessara 60 barna sammála börnum sínum í því að þau væru með þess háttar menntun en 17 aðstandendur sögðu aftur á móti umrædd börn hafa hafið eða lokið námi á framhaldsskólastigi. Fyrir hverja töflu var reiknaður áreiðanleikastuðullinn Cohen's Kappa sem metur samræmi svara. Samkvæmt Landis og Koch (1977) telst samræmi svara vera í meðallagi ef gildi Cohen's Kappa nær frá 0,4 til 0,59. Þegar stuðullinn tekur gildi frá 0,6 til 0,79 er nokkuð gott samræmi milli svara. Samræmi svara er mjög gott þegar Cohen's Kappa er yfir 0,8.

Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um bakgrunn og hagi barnsins

Mynd 1 sýnir hlutfallslega dreifingu svara aðstandenda og barna við menntun barnsins. Hlutfallslega fleiri foreldrar en börn sögðu börnin hafa lokið grunnskólaprófi, en börnin voru frekar á því en foreldrarnir að þau hefðu lokið hluta af námi á framhaldsskólastigi. Hér ber að hafa í huga að svarmöguleikarnir við spurningunni voru ekki lesnir upp í síma. Þess vegna kann allur gangur að vera á því hvort foreldrum hafi dottið í hug að minnast á þá menntun sem börnin höfðu hafið en ekki lokið.




Mynd 1. Hlutfall svara aðstandenda og barna við spurningu um menntun barnsins

Þegar búið var að para svör aðstandenda og barna kom í ljós að aðstandendur og börn þeirra voru ekki sammála um hvaða menntun barnið hafði lokið. Alls sögðust til dæmis 50 börn hafa byrjað eða lokið námi á framhaldsskólastigi á sama tíma og aðstandendur þeirra sögðu þau hafa grunnskólapróf eða minni menntun að baki. Cohen's Kappa var 0,349 ($p < 0,001$) en það tákna að lítið samræmi hafi verið í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um menntun barnsins (sjá töflu 87). Ef til vill má skrifa þetta ósamræmi á það hvernig var spurt, en svarmöguleikar voru ekki lesnir upp í síma, eins og áður segir.

Tafla 87. Tíðni svara aðstandenda og barna við spurningu um menntun barnsins (paraður samanburður)

	Svör barna			
	Grunnskólapróf eða minni menntun	Hóf eða lauk námi á framhaldsskólastigi	Hóf eða lauk námi á háskólastigi	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda				
Grunnskólapróf eða minni menntun	43	50	1	94
Hóf eða lauk námi á framhaldsskólastigi	17	81	1	99
Hóf eða lauk námi á háskólastigi	0	1	7	8
Heildarfjöldi	60	132	9	201

Mynd 2 sýnir hlutfallslega dreifingu svara barna og aðstandenda við spurningunni um hvort barnið hafi verið í launaðri vinnu, skóla eða sótt námskeið á undangengnum 6 mánuðum. Myndin sýnir að hlutfallsleg dreifing svara var svipuð í könnununum meðal barna og aðstandenda.




Mynd 2. Hlutfall svara aðstandenda og barna við spurningu um hvort barnið hafi verið í námi eða sótt vinnu á sl. 6 mánuðum

Aðstandendur og börn þeirra voru í meðallagi sammála um hvort barnið hafi verið í launaðri vinnu, skóla eða sótt námskeið á síðustu sex mánuðum. Í 11 tilvika sagðist barnið hafa verið í vinnu en aðstandandinn sagði það hvorki hafa verið í vinnu né skóla. Í 13 tilvika sagðist barnið hafa verið bæði í vinnu og námi en aðstandandinn sagði það einungis hafa verið í vinnu. Cohen's Kappa var 0,536 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi milli svara aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi (sjá töflu 88).

Tafla 88. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi verið í launaðri vinnu, skóla eða sótt námskeið á síðustu sex mánuðum (paraður samanburður)

	Svör barna					
	Nei	Já, í vinnu	Já, í skóla eða sótt námskeið	Já, í skóla og vinnu	Var í fæðingarorlofi	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda						
Nei	19	11	5	2	3	40
Já, í vinnu	7	49	0	13	0	69
Já, í skóla eða sótt námskeið	3	0	27	7	0	37
Já, í skóla og vinnu	3	11	4	35	0	53
Var í fæðingarorlofi	0	0	0	0	2	2
Heildarfjöldi	32	71	36	57	5	201

Mynd 3 sýnir að hlutfallslega flest barnanna og aðstandenda sögðu börnin framfleyta sér með launatekjum (48 – 50%).




Mynd 3. Hlutfall svara aðstandenda og barna við spurningu um hvaðan barnið fær tekjur til að framfleyta sér

Paraður samanburður á svörum barna og aðstandenda sýndi að aðstandendur og börn voru sammála um hvaðan barnið fengi tekjur til að framfleyta sér. Cohen's Kappa var 0,708 ($p < 0,001$) sem táknar að gott samræmi hafi verið í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um tekjur barnsins (sjá töflu 89).

Tafla 89. Tíðni svara aðstandenda og barna við spurningu um hvaðan barnið fær tekjur til að framfleyta sér (paraður samanburður)

	Svör barna			Heildarfjöldi
	Hefur ekki tekjur/fær tekjur frá fjölskyldu eða vinum	Er á örorkubótum, atvinnuleysisbótum eða fjárhagsaðstoð	Fær launatekjur, námslán eða fæðingarorlofsgreiðslur	
Svör aðstandenda				
Hefur ekki tekjur/fær tekjur frá fjölskyldu eða vinum	3	0	0	3
Er á örorkubótum, atvinnuleysisbótum eða fjárhagsaðstoð	2	66	6	74
Fær launatekjur, námslán eða fæðingarorlofsgreiðslur	3	18	93	114
Heildarfjöldi	8	84	99	191

Mynd 4 sýnir hlutfallslega skiptingu svara aðstandenda og barna við spurningunni um hvernig búsetu barnsins væri háttað í dag. Myndin sýnir að hlutfallsleg dreifing svara í könnuninum meðal barna og aðstandenda var svipuð.



Mynd 4. Hlutfall svara aðstandenda og barna við spurningu um hvernig búsetu barnsins er háttað í dag


Pöruð svör aðstandenda og barna við spurningunni um búsetu barnsins er að finna í töflu 90. Taflan sýnir að aðstandendur og börn þeirra voru nokkuð sammála um hvernig búsetu barnsins

væri háttað í dag. Cohen's Kappa var 0,766 ($p < 0,001$) sem táknar að gott samræmi hafi verið í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um hagi barnsins.

Tafla 90. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvernig búsetu barnsins er háttað í dag (paraður samanburður)

	Svör barna			
	Býr heima hjá foreldri	Býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði	Býr við annars konar fyrirkomulag	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda				
Býr heima hjá foreldri	44	8	0	52
Býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði	1	122	5	128
Býr við annars konar fyrirkomulag	2	7	11	20
Heildarfjöldi	47	137	16	200

Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu svara aðstandenda og barna við spurningunni um hversu oft barnið hafi skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum. Alls sögðu 43% aðstandenda að barnið hafi aldrei skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum. Í könnuninni meðal barna var þetta hlutfall 26%.



Mynd 5. Hlutfall svara aðstandenda og barna við spurningu um hversu oft barnið hefur skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum

Tafla 91 sýnir samræmi svara eftir að búið var að para svör barna og aðstandenda. Aðstandendur og börn voru lítt sammála um það hversu oft barnið hafi skipt um húsnæði á síðastliðnum tveimur árum. Cohen's Kappa var 0,293 ($p < 0,001$). Því má segja að samræmi í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um hve oft barnið hafi skipt um húsnæði á síðastliðnum tveimur árum hafi verið lágt. Til að mynda voru 29 börn sem kváðust aldrei eða einu


sinni hafa skipt um húsnæði á sama tíma og aðstandendur þeirra sögðu þau hafa skipt tvisvar til þrisvar um húsnæði.

Tafla 91. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hafi skipt um húsnæði á síðastliðnum tveimur árum (paraður samanburður)

	Svör barna			Heildarfjöldi
	Aldrei eða einu sinni	Tvisvar til þrisvar	Fjórum sinnum eða oftar	
Svör aðstandenda				
Aldrei eða einu sinni	63	19	4	86
Tvisvar til þrisvar	29	31	12	72
Fjórum sinnum eða oftar	5	17	15	37
Heildarfjöldi	97	67	31	195

Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um dvalina á meðferðarheimilinu

Mynd 6 sýnir hlutfallslega dreifingu svara bæði aðstandenda og barna við því á hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi síðast. Hlutfallslega flestir aðstandenda sögðu barnið hafa síðast dvalið í Götusmiðjunni (33%) og ríflega fjórðungur sagði barnið hafa dvalið á Stuðlum. Hlutfallsleg skipting svara í könnuninni meðal barna var svipuð. Alls kváðust 38% barnanna síðast hafa dvalið í Götusmiðjunni og 26% höfðu síðast dvalið á Stuðlum.




Mynd 6. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því á hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi síðast.

Tafla 92 sýnir að börn og aðstandendur voru almennt mjög sammála um á hvaða meðferðarheimili barnið hafði dvalið. Þó var eitt barn sem nefndi meðferðarheimilið Berg þegar aðstandandinn taldi það hafa dvalið á Árbót. Sömu leiðis nefndi eitt barnanna Hvítárbakka þegar aðstandandinn sagði það hafa dvalið á Laugalandi og eitt barnanna sagðist hafa dvalið á Laugalandi þegar aðstandandi þess nefndi Hvítárbakka. Þá taldi einn aðstandandi að barnið hafi dvalið síðast á Háholti þegar barnið nefndi Stuðla. Loks voru átta börn sem kváðust síðast hafa dvalið síðast í Götusmiðjunni á sama tíma og aðstandendur þeirra nefndu Stuðla. Cohen's Kappa var 0,897 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um á hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi síðast hafi verið mjög gott enda heyrði það til undantekninga að svo væri ekki.

Tafla 92. Tíðni svara aðstandenda og barna við því á hvaða meðferðarheimili barnið dvaldi síðast (paraður samanburður)

	Svör barna								
	Árbót	Berg	Geldinga- lækur	Hvítár- bakki	Laugaland	Stuðlar	Háholt	Götu- smiðjan	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda									
Árbót	16	1	0	0	0	0	0	0	17
Berg	0	14	0	0	0	0	0	0	14
Geldingalækur	0	0	5	0	0	0	0	0	5
Hvítár- bakki	0	0	0	13	1	0	0	0	14
Laugaland	0	0	0	1	16	0	0	0	17
Stuðlar	0	0	0	0	0	47	0	8	56
Háholt	0	0	0	0	0	1	9	0	10
Götusmiðjan	0	0	0	0	0	0	0	63	66
Heildarfjöldi	16	15	5	14	17	51	10	71	199

Mynd 7 sýnir að meirihluti barna (68%) og aðstandenda (74%) kvað barnið hafa dvalið áætlaðan tíma á meðferðarheimilinu.




Mynd 7. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið dvaldi áætlaðan meðferðartíma á meðferðarheimilinu

Tafla 93 sýnir samræmi svara þegar búið er að para svör aðstandenda og barna. Taflan sýnir að aðstandendur og börn voru nokkuð sammála um hvort barnið hafi dvalið áætlaðan tíma á meðferðarheimilinu eða hvort meðferðinni var hætt fyrr en áætlað var. Nokkuð var um að börnin segðust hafa hætt í meðferðinni fyrr en áætlað var en að aðstandendur teldu barnið hafa dvalið áætlaðan meðferðartíma (á við um 27 pör aðstandenda og barna). Cohen's Kappa var 0,502 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi. Velta má fyrir sér hvort í einhverjum tilvikum hafi svarendur lagt mismunandi skilning í hvað það þýðir að dvelja áætlaðan meðferðartíma.

Tafla 93. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið dvaldi áætlaðan meðferðartíma á meðferðarheimilinu (paraður samanburður)

	Svör barna		
	Dvaldi áætlaðan meðferðartíma	Hætti fyrir í meðferðinni en áætlað var	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Dvaldi áætlaðan meðferðartíma	120	27	147
Hætti fyrir í meðferðinni en áætlað var	11	33	44
Heildarfjöldi	131	60	191

Aðstandendur og börn voru jafnframt spurð hversu vel eða illa meðferðarheimilið hjálpaði barninu við að takast á við vandann sem það glímdi við. Hlutfallslega flest barnanna (41%) og aðstandenda (44%) töldu meðferðarheimilið hafa tekist mjög vel að hjálpa barninu að glíma við vandann. Aftur á móti voru 15% barnanna og 16% foreldranna á því að meðferðarheimilinu hafi tekist mjög illa að glíma við þann vanda sem barnið stríddi við (sjá mynd 8).




Mynd 8. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hversu vel eða illa meðferðarheimilið hjálpaði barninu við að takast á við þann vanda sem það glímdi við þá

Svör aðstandenda og barna við spurningunni um hversu vel eða illa meðferðarheimilið hjálpaði barninu við að takast á við vandann, voru þöruð. Börn og aðstandendur voru ekki sammála um hvernig meðferðarheimilinu hafi gengið að hjálpa barninu við að glíma við vandann. Til dæmis var töluvert um að börnunum fyndist meðferðarheimilinu takast illa að hjálpa sér að glíma við vandann á meðan aðstandendur þeirra sögðu það hafa tekist vel (á við um 24 pör aðstandenda og barna). Cohen's Kappa var 0,317 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið lágt (sjá töflu 94).

Tafla 94. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hversu vel eða illa meðferðarheimilið hjálpaði barninu við að takast á við þann vanda sem það glímdi við þá (paraður samanburður)

<i>Svör barna</i>				
	Mjög/frekar vel	Hvorki vel né illa	Mjög/frekar illa	Heildarföldi
Svör aðstandenda				
Mjög/frekar vel	97	14	24	135
Hvorki vel né illa	7	4	5	16
Mjög/frekar illa	11	5	24	40
Heildarföldi	115	23	53	191

Þegar kannað var hvort börnin höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð, komu nokkuð mismunandi niðurstöður í ljós eftir því hvort börn eða aðstandendur voru spurð. Um 11% aðstandenda töldu barnið hafa orðið fyrir andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð, en 20% barnanna gáfu upp að svo hefði verið (sjá mynd 9).




Mynd 9. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð

Þegar búið var að para svör aðstandenda og barna kom í ljós að aðstandendur og börn voru ekki sammála um hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð meðan á dvölinni stóð. Í 32 tilvika sagðist barnið hafa verið beitt ofbeldi en aðstandandi þess sagði það ekki hafa verið beitt ofbeldi. Cohen's Kappa var 0,165 ($p < 0,05$) sem táknar að ósamræmi hafi verið í svörum aðstandenda og barna við spurningunni um hvort barnið hafi verið beitt ofbeldi af hendi annarra skjólstæðinga meðferðarheimilisins (sjá töflu 95). Þetta ósamræmi getur verið vegna þess að foreldrarnir hafi í fæstum tilvikum vitað af ofbeldinu.

Tafla 95. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra sem voru í meðferð (paraður samanburður)


	Svör barna		
	Já	Nei	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Já	8	10	18
Nei	32	137	169
Heildarfjöldi	40	147	187

Mynd 10 sýnir að í könnun meðal barna og aðstandenda kom í ljós að algengast var að andlegu ofbeldi væri beitt (9% í könnunum meðal aðstandenda og 17% í könnunum meðal barna).




Mynd 10. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvers konar ofbeldi barnið hafi orðið fyrir af hálfu annarra sem voru í meðferð

Mynd 11 sýnir hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið sagði frá ofbeldinu meðan á dvölinni stóð. Alls kvað 79% aðstandenda og 62% barnanna að barnið hefði sagt frá ofbeldinu sem það varð fyrir af hendi annarra sem dvöldu á heimilinu.




Mynd 11. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið sagði frá ofbeldinu á meðan það var á meðferðarheimilinu

Í þeim tilvikum þar sem barnið sagði frá ofbeldinu sem það varð fyrir af hendi annarra sem voru í meðferð, voru þátttakendur spurðir hverjum var sagt frá. Mynd 12 sýnir að töluverður hlutfallsmunur var milli svara barna og foreldra á því hvort starfsmanni heimilisins eða foreldri hafi verið sagt frá ofbeldinu. Alls sögðu 63% foreldra (aðstandendur) að barnið hafi sagt foreldri frá og 47% sögðu barnið hafa greint starfsmanni heimilisins frá ofbeldinu. Aftur á móti kváðust 60% barna hafa sagt starfsmanni heimilisins frá og 16% barnanna höfðu sagt foreldri frá.



Mynd 12. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hverjum var sagt frá ofbeldinu

Mynd 13 sýnir að 14% barna og 10% foreldra kváðu barnið hafa verið beitt ofbeldi af hálfu starfsmanns meðan á dvölinni á meðferðarheimilinu stóð.




Mynd 13. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins

Þegar búið var að para svör aðstandenda og barna kom í ljós að aðstandendur og börn voru nokkuð sammála um hvort starfsmaður hafi beitt barnið andlegu eða líkamlegu ofbeldi á meðan dvölinni á meðferðarheimilinu stóð. Í 15 tilvikum sagðist barnið þó hafa verið beitt ofbeldi af hendi starfsmanns á sama tíma og aðstandandi þess taldi slíkt ekki hafa átt sér stað. Cohen's Kappa var 0,487 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi (sjá töflu 96).

Tafla 96. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins (paraður samanburður)


	Svör barna		Heildarfjöldi
	Já	Nei	
Svör aðstandenda			
Já	11	4	15
Nei	15	166	181
Heildarfjöldi	26	170	196

Mynd 14 sýnir að 11% svarenda í könnuninni meðal barna og 9% svarenda í könnuninni meðal aðstandenda töldu barnið hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi af hálfu starfsmanns. Um 8% barnanna og 4% aðstandenda töldu aftur á móti að líkamlegu ofbeldi hafi verið beitt.




Mynd 14. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvers konar ofbeldi barnið varð fyrir af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins

Mynd 15 sýnir að 71% barna og 77% aðstandenda kváðu barnið hafa sagt frá ofbeldinu sem það varð fyrir af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins.



Mynd 15. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi sagt frá ofbeldinu á meðan það var á meðferðarheimilinu


Mynd 16 sýnir að algengast var að börnin segðu foreldrum sínum eða starfsmanni heimilisins frá ofbeldinu sem það varð fyrir af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins (42%). Aftur á móti töldu 24% foreldra að barnið hafi sagt starfsmanni heimilisins frá en heil 74% nefndu að barnið hafi sagt foreldri frá.



Mynd 16. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hverjum var sagt frá ofbeldinu

Samanburður á svörum barna og aðstandenda við spurningum um afdrif barnsins

Mynd 17 sýnir hlutfallslega skiptingu svara við spurningunni um hvort barnið hafi stundað nám eftir að meðferð lauk. Nokkur munur var á hlutfallslegri skiptingu svara eftir könnunum. Þannig kvaðst 81% svarenda í könnun meðal barna hafa stundað nám eftir að meðferð lauk en í könnun meðal aðstandenda var þetta hlutfall 69%.




Mynd 17. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi stundað nám eftir að meðferð lauk

Þegar búið var að para svör aðstandenda og barna kom í ljós að aðstandendur og börn voru nokkuð sammála um hvort barnið hafði stundað nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Cohen's Kappa var 0,428 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi (sjá töflu 97).

Tafla 97. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi stundað nám eftir að meðferð lauk (paraður samanburður)

	Svör barna		
	Já	Nei	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Já	139	9	148
Nei	30	23	53
Heildarfjöldi	169	32	201

Könnunin meðal barna leiddi í ljós að 69% sögðu það hafa gengið mjög eða frekar vel að stunda nám eftir að meðferð lauk og þetta hlutfall var svipað í könnuninni meðal aðstandenda, eða 55% (sjá mynd 18).




Mynd 18. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvernig barninu hafi gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk

Þegar búið var að para svör aðstandenda og barna kom í ljós að aðstandendur og börn voru ekki sammála um hvernig barninu hafi gengið að stunda nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Í 12 tilvika taldi barnið að sér hafi gengið illa að stunda nám á meðan aðstandandi þess taldi það hafa gengið vel. Cohen's Kappa var 0,337 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið lítið (sjá töflu 98).

Tafla 98. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvernig barninu hafi gengið að stunda nám eftir að meðferð lauk (paraður samanburður)

	Svör barna			Heildarföldi
	Mjög/frekar vel	Hvorki vel né illa	Mjög/frekar illa	
Svör aðstandenda				
Mjög/frekar vel	81	8	12	101
Hvorki vel né illa	12	4	3	19
Mjög/frekar illa	2	3	11	16
Heildarföldi	95	15	26	136

Alls sögðu 97% barna og 90% aðstandenda að barnið hafi stundað vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (sjá mynd 19).




Mynd 19. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi stundað vinnu eftir að meðferð lauk

Tafla 99 sýnir að sex börn kváðust ekki hafa stundað vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Aðstandendur fjögurra þessara barna töldu þau aftur á móti hafa verið í vinnu. Cohen's Kappa var 0,135 ($p < 0,05$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið lítið.

Tafla 99. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi stundað vinnu eftir að meðferð lauk (paraður samanburður)

	Svör barna		Heildarföldi
	Já	Nei	
Svör aðstandenda			
Já	177	4	181
Nei	15	2	17
Heildarföldi	192	6	198

Mynd 20 sýnir að meirihluti barnanna sem svöruðu (62%) sagði að sér hafi gengið mjög vel að stunda vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Í könnuninni meðal aðstandenda var þetta hlutfall 53%.




Mynd 20. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvernig barninu hafi gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk

Tafla 100 sýnir þöruð svör aðstandenda og barna við því hvernig barninu hafi gengið að stunda vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Cohen's Kappa var 0,206 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið vægt. Til dæmis töldu 19 barnanna sér hafa gengið vel að stunda vinnu á sama tíma og aðstandendur þeirra töldu það hafa gengið illa.

Tafla 100. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvernig barninu hafi gengið að stunda vinnu eftir að meðferð lauk (paraður samanburður)

	Svör barna			Heildarfjöldi
	Mjög/frekar vel	Hvorki vel né illa	Mjög/frekar illa	
Svör aðstandenda				
Mjög/frekar vel	113	6	9	128
Hvorki vel né illa	11	1	3	15
Mjög/frekar illa	19	3	9	31
Heildarfjöldi	143	10	21	174

Mynd 21 sýnir að 44% aðstandenda og 45% barna sögðu barnið hafa farið í áfengis- eða fíkniefnameðferð eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk.




Mynd 21. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk

Þegar svör aðstandenda og barna voru þöruð kom í ljós að aðstandendur og börn gáfu sambærileg svör um hvort barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Þó sögðust 14 börn hafa farið í meðferð á sama tíma og aðstandendur þeirra sögðu þau ekki hafa farið í meðferð. Cohen's Kappa var 0,777 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið nokkuð gott (sjá töflu 101).

Tafla 101. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (paraður samanburður)

	Svör barna		
	Já	Nei	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Já	75	8	83
Nei	14	104	118
Heildarfjöldi	89	112	201

Þátttakendur voru spurðir hversu oft barnið hafði farið í meðferð á undangengnum 12 mánuðum. Um 17% aðstandenda og 15% barna sögðu barnið einhvern tíma hafa farið í áfengis- eða fíkniefnameðferð á undangengnum 12 mánuðum (sjá mynd 22).




Mynd 22. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu á síðustu 12 mánuðum

Alls fengust 74 pör þegar svör aðstandenda og barna voru pöruð. Cohen's Kappa var 0,493 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi (sjá töflu 102).

Tafla 102. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hafi farið í meðferð vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu á síðustu 12 mánuðum (paraður samanburður)

	Svör barna			Heildarfjöldi
	Aldrei	Einu sinni	Tvisvar eða oftar	
Svör aðstandenda				
Aldrei	42	3	3	48
Einu sinni	5	10	0	15
Tvisvar eða oftar	2	6	3	11
Heildarfjöldi	49	19	6	74

Mynd 23 sýnir að jafnhátt hlutfall aðstandenda og barna (53%) kváðu barnið hafa leitað aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk.




Mynd 23. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk

Paraður samanburður leiddi í ljós að aðstandendur og börn gáfu sömu svör um hvort barnið hafi leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Þó sögðust 26 börn ekki hafa leitað sér þess háttar aðstoðar á sama tíma og aðstandendur þeirra sögðu þau hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika. Cohen's Kappa var 0,467 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið í meðallagi (sjá töflu 103).

Tafla 103. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (paraður samanburður)

	Svör barna		
	Já	Nei	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Já	79	26	105
Nei	26	65	91
Heildarfjöldi	105	91	196

Mynd 24 sýnir að álíka hátt hlutfall aðstandenda og barna (34-36%) sögðu barnið einhvern tíma hafa leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á undangengnum 12 mánuðum.




Mynd 24. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hafi leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á síðustu 12 mánuðum

Tafla 104 sýnir paraðan samanburð á svörum aðstandenda og barna við því hversu oft börnin höfðu leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á undangengnum 12 mánuðum. Af 70 pörum voru 11 pör sammála um að barnið hefði aldrei leitað sér aðstoðar á tímabilinu, fjögur pör voru sammála um að barnið hefði leitað sér aðstoðar einu sinni og samræmi var í svörum 30 para um að barnið hefði leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika tvisvar eða oftár á undangengnum 12 mánuðum. Cohen's Kappa var 0,381 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið fremur lágt.

Tafla 104. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hafi leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika á síðustu 12 mánuðum (paraður samanburður)

Svör barna				
	Aldrei	Einu sinni	Tvisvar eða oftar	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda				
Aldrei	11	3	2	16
Einu sinni	1	4	6	11
Tvisvar eða oftar	5	8	30	43
Heildarfjöldi	17	15	38	70

Mynd 25 sýnir að mikill meirihluti svarenda í könnuninni meðal barna (70%) og í könnuninni meðal aðstandenda (79%) kvað barnið hvorki hafa setið í gæsluvarðhaldi né fangelsi.




Mynd 25. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk

Aðstandendur og börn voru ósammála um hvort barnið hafi setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Alls kváðust 33 börn hafa setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi á sama tíma og aðstandendur þeirra sögðu þau ekki hafa gert það. Cohen's Kappa var 0,393 ($p < 0,001$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið lítið (sjá töflu 105). Það má velta því fyrir sér hvers vegna ósamræmis gæti milli svara aðstandenda og barna við því hvort barnið hafi setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi. Vera má að fólk leggi mismunandi skilning í spurninguna. Þannig kann að vera að einhverjir telji það að gista eina nótt í fangaklefa vera fangelsisvist á sama tíma og aðrir líti svo á að einungis fólk sem hlotið hefur dóm geti setið í fangelsi.

Tafla 105. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hvort barnið setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (paraður samanburður)

Svör barna			
	Já, í gæsluvarðhaldi, fangelsi eða hvoru tv eggja	Nei	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda			
Já, í gæsluvarðhaldi, fangelsi eða hvoru tv eggja	24	10	34
Nei	33	125	158
Heildarfjöldi	57	135	192

Mynd 26 sýnir að 6% foreldra sögðu barnið hafa setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi þrisvar sinnum eða oftar eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Í könnuninni meðal barna var þetta hlutfall 13%.



Mynd 26. Hlutfall svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hefði setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk

Svör aðstandenda og barna voru þöruð (sjá töflu 106). Í þremur tilvikum kvaðst barnið hafa setið þrisvar í gæsluvarðhaldi eða fangelsi á sama tíma og aðstandandi þess taldi það hafa setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi einu sinni. Cohen's Kappa var 0,325 ($p < 0,05$) sem táknar að samræmi í svörum aðstandenda og barna hafi verið lítið.

Tafla 106. Tíðni svara aðstandenda og barna við því hversu oft barnið hefði setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk (paraður samanburður)

	Svör barna			
	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar	Heildarfjöldi
Svör aðstandenda				
Einu sinni	8	1	3	12
Tvisvar	0	1	5	6
Þrisvar	0	1	3	4
Heildarfjöldi	8	3	11	22

Þegar á heildina er litið er nokkuð gott samræmi milli svara foreldra og barna. Þannig voru aðstandendur og börn tiltölulega sammála um hvort barnið hefði stundað nám eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Þau voru samt ekki algjörlega sammála um hvernig hefði gengið og fannst aðstandendum námið hafa gengið betur en barninu. Þá sögðu heldur fleiri foreldrar að börnin hefðu stundað vinnu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Aftur á móti töldu heldur fleiri barna en aðstandenda að það hefði gengið vel að stunda vinnu. Aðstandendur og börn gáfu sambærileg svör þegar kom að hlutfalli barna sem hafði farið í meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Hið sama má segja við spurningunni um hvort barnið hafði leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir að meðferð lauk. Nokkurs ósamræmis gætti í svörum barna og aðstandenda þegar kom að spurningunni um hvort barnið hefði setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi. Fleiri börn sögðust hafa setið í fangelsi eða verið í gæsluvarðhaldi. Þetta vekur upp spurningar um hvort börnin segi aðstandendum ekki alltaf frá því þegar þau komast í kast við lögin eða hvort um er að ræða mismunandi skilning á merkingu þess að vera í gæsluvarðhaldi eða fangelsi.

SAMANTEKT, ÁLYKTANIR OG UMRÆÐA

Hér á undan hafa verið birtar niðurstöður könnunar um afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000-2007 (bæði ár meðtalin). Um afar ítarlega könnun er að ræða og því af mörgu af taka þegar kemur að samantekt og umræðu. Hér verða dregnar saman megin niðurstöður könnunarinnar, þ.e. um bakgrunn þátttakenda, reynslu af meðferðarheimilinu og dvölinni þar, sem og afdrif ungmennanna eftir að dvöl lauk. Þá verða niðurstöður settar í fræðilegt og þróunarlegt samhengi í samræmi við þróun vistunarmála á Íslandi.

Ef litið er til meginreglna um vistun barns utan heimilis skulu barnaverndaryfirvöld:

„aldrei koma barni í vistun eða fóstur nema nauðsyn beri til og eftir að fullreynd hafa verið öll önnur úrræði sem tryggt geta hagsmuni barnsins“ (Barnaverndarlög, 80/2002, Barnaverndarstofa, 2011).

Á öðrum stað segir einnig:

„Markmið barnaverndaryfirvalda með vistun eða fóstur barns skal vera það eitt að tryggja með sem bestum hætti hagsmuni barns, sem um lengri eða skemmri tíma á þess ekki kost að alast upp hjá foreldrum sínum“ (Barnaverndarstofa, 2011).

Að þessu gefnu er ljóst að engin börn eru vistuð á meðferðarheimilum nema brýna nauðsyn beri til og öll önnur úrræði hafi verið reynd áður.

Bakgrunnur þátttakenda

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er um helmingur barna sem dvöldu á meðferðarheimilum með launatekjur (17-29 ára). Þetta hlutfall er talsvert lægra en almenn atvinnuþáttaka ungs fólks á landsvísu á sama tíma. Ef miðað er við almenna atvinnuþáttöku ungs fólks (16-24 ára) á árunum 2010-2011 var hlutfallið 74%. Hlutfall starfandi er því heldur lægra en það sem gengur og gerist hjá ungmennum á Íslandi. Hins vegar er hlutfall þeirra sem eru atvinnulausir og með atvinnuleysisbætur sambærilegt við tölur Hagstofu Íslands (e.d.1) um atvinnuleysi árin 2010 og 2011, eða 16%. Eftir stendur, að um 17% hópsins naut fjárhagsaðstoðar frá félagsþjónustu, um 13% voru á örorkubótum og 5,5% á námslánum.

Mikill meirihluti ungmennanna var að einhverju leyti virkur á vinnumarkaði eða í námi, en niðurstöður sýna að 82% barnanna voru annaðhvort í skóla eða í vinnu á undangengnum sex mánuðum. En eins og þegar hefur komið fram er menntunartig ungmenna sem dvalið hafa á

meðferðarheimilum mun lægra en meðal ungs fólks á Íslandi sem hefur tekið þátt könnunum Félagsvísindastofnunar.

Hlutfallslega fleiri ungmennanna voru einhleyp (59%) en gift eða í sambúð, og átti það frekar við um piltana (68%) en stúlkurnar (52%). Þá áttu tæp 40% barn eða börn og voru stúlkur í meirihluta, eða 54% á móti 26% pilta. Einstaklingar sem voru 25 ára eða eldri voru líklegri (57%) til að eiga börn en yngri þátttakendur og það átti einnig frekar við um ungmenni sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins (46%) en ungmenni sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (37%). Á árunum 2006-2010 var meðalaldur mæðra á Íslandi við fæðingu fyrsta barns 26,6 ár sem er mun hærra en meðal þessa hóps. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar að um 26% bjuggu í foreldrahúsum og átti það við um heldur fleiri pilta (32%) en stúlkur (18%). Stúlkur (76%) voru aftur á móti líklegri en piltar (57%) til að búa í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Einnig kom fram munur á tegund húsnæðis eftir aldri, en elstu þátttakendurnir voru hvað líklegastir til að búa í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði (81%). Nær helmingur (46%) ungmennanna leigðu húsnæði á almennum markaði.

Upplifun af dvölinni á meðferðarheimilinu

Ástæður umsóknar um meðferðarheimili fyrir barn geta verið margvíslegar en yfirleitt er um fjölþættan vanda að ræða. Í ársskýrslum Barnaverndarstofu má sjá að algengustu ástæður umsóknar í gegn um tíðina eru áfengis- eða vímuefnaneysla, ýmis konar hegðunarvandi eða ofbeldi. Það kemur því ekki á óvart að meirihluti þátttakenda í þessari könnun (70%) nefna að ein meginástæða fyrir vistun þeirra á meðferðarheimilum hafi verið misnotkun á áfengi eða vímuefnum. Hins vegar segja aðeins um 12% að hegðunarvandi hafi verið meginástæða vistunar.

Þegar leitað var eftir upplifun barnanna af dvölinni á meðferðarheimilinu sýndu niðurstöður að meirihluti, eða 90%, náði góðu sambandi við að minnsta kosti einn starfsmann meðan á dvölinni stóð. Tæplega 60% sögðu meðferðina hafa hjálpað þeim mjög eða frekar vel við að takast á við þann vanda sem þau glímdu við og meirihluti (71%) var mjög eða frekar sáttur við þátttöku foreldra sinna í meðferðinni. Piltar (75%) virtust heldur ánægðari með þátttöku foreldranna en stúlkur (65%). Ánægja ungmennanna er í samræmi við niðurstöður afdrífakönnunar hjá unglingum á meðferðar- og skólaheimilinu Háholti sem framkvæmd var á árunum 2005 til 2007. Þar kom fram að unglingum og foreldrum þeirra fannst að þeir hefðu haft gagn af meðferðinni, þrátt fyrir að niðurstöður sýndu að í langflestum tilfellum tóku ungmennin upp fyrra atferli eftir meðferðina mjög fljótt eftir útskrift (Jón Björnsson, 2008).

Spurt var hvort þátttakendur hefðu orðið fyrir ofbeldi á meðferðarheimilinu af hendi annarra sem voru í meðferð eða af hendi starfsmanna. Alls kváðust 20% ungmennanna hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annara barna eða ungmenna sem dvöldu á meðferðarheimilinu á sama tíma. Um 17%

sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi, 7% líkamlegu ofbeldi og tæplega 2% kynferðislegu. Piltar sögðust frekar hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi (11%) en stúlkur (3%). Niðurstöður sýndu að mest var um að einstaklingar væru móðgaðir eða uppnefndir (12%), þeim hrint, þrifið í þá eða togað í hárið á þeim (10%) eða þeim hótað líkamsmeiðingum (9%). Meirihluti (62%) þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra sem voru í meðferð á sama tíma sögðu frá ofbeldinu á meðan á dvölinni stóð (taka verður tillit til þess að eingöngu var spurt um þetta í seinni hluta gagnaöflunar). Hafa verður í huga að andfélagsleg hegðun eins og misnotkun á áfengi og vímuefnum og ýmis konar hegðunarvandi eða beiting ofbeldis voru meginástæður þess að börnin og ungmennin voru vistuð á meðferðarheimilum.

Þegar spurt var um ofbeldi af hendi starfsmanna meðferðarheimilisins kom í ljós að 14% ungmennanna sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsmanns. Þar af sögðust 8% hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi en 11% að um andlegt ofbeldi hafi verið að ræða. Stúlkur (15%) sögðust frekar hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi en piltar (8%). Algengast var að ungmennin segðu starfsmanni heimilisins 42% eða foreldri 42% frá ofbeldinu. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um hæfni starfsfólks meðferðarheimilinna til að takast á við börnin, og hvort um getur verið að ræða nauðsynlegar þvingunaraðgerðir til að stöðva óæskilega hegðun. Í seinni hluta könnunarinnar var þessi spurning lögð fyrir þátttakendur og sögðu mörg þeirra sem sögðust hafa verið beitt ofbeldi að þegar þau líta til baka getur það sem gerðist hafa verið tilraun starfsmanns til að stoppa ofbeldi eða óæskilega hegðun. Þá er ofbeldi eins starfsmanns á meðferðarheimili þekkt og var viðkomandi vikið frá störfum og kærður til lögreglu.

Afdrif ungmennanna eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk

Aðal markmið þessarar könnunar var að skoða afdrif barna og ungmenna eftir að dvöl á meðferðarheimilum lauk.

Þegar einstaklingar voru spurðir um stuðning að lokinni dvöl töldu 70% sig fá nægan stuðning frá foreldrum og/eða nánustu fjölskyldu við að halda sér frá vanda strax að lokinni meðferð. Piltar voru líklegri til að vera á þeirri skoðun, eða 76% á móti 65% stúlkna. Þá sögðust 44% fá nægan stuðning frá félögum og vinum. Ekki var munur á mati drengja og stúlkna á stuðningi vina og félaga. Einstaklingar sem fóru í eftirmeðferð að lokinni dvöl á meðferðarheimilinu voru 23% og fóru hlutfallslega fleiri stúlkur (27%) í eftirmeðferð en piltar (19%).

Þegar spurt var um nám og störf að lokinni meðferð kom í ljós að heldur fleiri stúlkur (89%) höfðu stundað nám að lokinni dvöl á meðferðarheimilinu en piltar (74%). Af þeim sem höfðu stundað nám sögðu ríflega 69% að sér hefði gengið mjög eða frekar vel að stunda nám. Meirihluti

ungmennanna (97%) stunduðu vinnu að lokinni dvöl á meðferðarheimili og sögðu 82% þeirra að þeim gengi mjög eða frekar vel að stunda vinnu.

Í könnuninni var einnig komið inn á það hvort ungmennin höfðu sótt meðferð eða verið vistuð í fangelsi eftir að dvölinni á meðferðarheimilinu lauk. Hlutfallslega fleiri piltar (50%) en stúlkur (40%) höfðu farið í meðferð vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk. Þá höfðu 53% ungmennanna leitað sér aðstoðar vegna tilfinningalegra eða geðrænna erfiðleika eftir dvöl sína á meðferðarheimilinu. Stúlkur voru heldur fleiri, eða 66%, en piltar 42%. Piltar sem setið höfðu í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eftir að dvöl á meðferðarheimilinu lauk voru 41% en öllu lægra hlutfall stúlkna, eða 18%, höfðu setið í gæsluvarðhaldi eða fangelsi. Þessar niðurstöður þurfa ekki að koma á óvart ef miðað er við könnun Jóns Björnssonar (2008) en þar kom fram að flest barna sem voru í meðferð á Háholti tóku fljótlega upp fyrri iðju þegar meðferð lauk.

Ályktanir og umræða

Heildarmynd og einstök atriði niðurstaðna gefa tilefni til umræðu og ályktana. Sú niðurstaða að meirihluti barnanna lýkur meðferð og hefur jákvæða reynslu af henni bendir til þess að á meðferðarheimilunum sem hér voru könnuð sé unnið gott og mikilvægt starf. Ásættanlegt samræmi milli svara barna og foreldra styður heildarmynd niðurstaðna sem lýst var í hnotskurn í byrjun skýrslu og leyfir að dregnar séu ályktanir af henni. Það jákvæða viðhorf og traust sem fram kemur til starfsfólks bendir til faglegra samskipta og starfshátta. Meirihluti barnanna lýkur meðferð og lýst er sátt við reynslu og gagnsemi af dvölinni til að ráða við vanda. Ofbeldi eða misbeiting gagnvart börnum á meðferðarheimilunum sem hér eru könnuð virðist undantekning. Tilvikin sem vísað er til eru talin (af börnunum sjálfum) tengjast nauðsynlegu inngripi til að stöðva stjórnlaus viðbrögð sem hluta af hegðunarvanda barnsins.

Sé litið til fyrri kannana á starfsemi vist-, skóla- og/eða meðferðarheimila í íslensku samfélagi á fyrri öld, er óhætt að álykta að augljós breyting hefur orðið á í þessu efni. Hér er vísað til víðtækra athugana Vistheimilanefndar samkvæmt lögum nr 26/2007 á starfsemi fjölda meðferðarheimila sem starfrækt voru á tímabilinu 1952-1994. Umfangsmesta skýrslan tekur til Breiðavíkurheimilisins 1952-1979 (Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979, 2008). Þar koma fram alvarlegir misbrestir á innra og ytra eftirliti sem og aðbúnaði barnanna sem þar voru vistuð, bæði tilfinningalega, líkamlega og hvað snertir skólagöngu og eftirfylgd. Ályktanir nefndarinnar eru settar fram í nokkrum liðum (Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins, 2008, bls. 143–157). Fram kom, m.a. af persónulegum viðtölum við fyrrverandi vistmenn, að þeir hafi í mörgum tilvikum sætt ofbeldi og illri meðferð af hálfu annarra vistmanna eða starfsmanna. Í Áfangaskýrslu 3 (2011, bls 22) eru hugtökin ill meðferð og ofbeldi skilgreind sem „meðferð barns, sem vistað var á vist-

og meðferðarheimili, sem hlutlægt má telja að hafi verið ómannúðleg og vanvirðandi. Þar undir félli eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda var athöfnin ekki liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða tjóni á verðmætum“. Í þessu efni virtust brestir í starfsháttum barnaverndarnefnda, m.a. varðandi ákvörðunartöku og framkvæmd vistunar barnanna, ytra og innra eftirlit og mishæfir forstöðumenn og starfsfólk á tímabilum, hafa ráðið mestu.

Í þremur áfangaskýrslum nefndarinnar um starfsemi átta stofnana er að finna ítarlega umfjöllun m.a. um margvíslega bresti í starfsemi þeirra, en einnig má þar sjá merki uppbyggilegs verndunar- og uppeldisstarfs með börnunum sem þar voru vistuð. Í Áfangaskýrslu 1 (2009) er gerð grein fyrir starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-'92 og skólaheimilisins Bjargs 1965-'67 þar sem alvarlegir misbrestir eru greindir, en líka Kumbaravogs 1965-'84 þar sem niðurstöðum um ofbeldi og illa meðferð skiptir í tvö horn. Í Áfangaskýrslu 2 (2010) er gerð grein fyrir starfssemi Silungapolls (1950-'69), Reykjahlíðar (1956-'72) og heimavistarskólans Jaðars (1946-'73) þar sem m.a. koma fram vísbendingar um uppbyggilegt uppeldis- og barnaverndarstarf. Í Áfangaskýrslu 3 er fjallað um starfsemi Upptökuheimilis ríkisins (1945-'71) og Unglingaheimilis ríkisins (1971-'94). Á seinni hluta 20. aldar urðu áherslubreytingar í hugmyndafræði, viðhorfum og starfsháttum meðferðarstofnana og gætti þeirra áhrifa einnig hér á landi, eins og fram kemur í umfjöllun Vistheimilanefndar um breytta starfshætti vist- og meðferðarstofnana í lok tímabilsins sem kannað var (Forsætisráðuneytið, 2011, bls. 76- 100). Þessar breytingar snertu lýðræðislegri nálgun, hugmyndir um notendasamráð og heildarsýn í allri velferðarþjónustu, félags- og heilbrigðisstofnana og í úrræðaþróun, en jafnframt aukna vitund um mannréttindi, um ábyrgð opinberrar þjónustu í því efni og mikilvægi eftirlitshlutverksins.

Auk úttektar Vistheimilanefndar má vísa til greinargerðar um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum, (m.a í Efstasundi) en greinargerðin var unnin af gefnu tilefni um meint ofbeldi (Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir, 1998). Segja má að tilefnið hafi verið tímanna tákni um þau breyttu viðhorf varðandi mannréttindi og aðhald sem vikið var að hér að ofan.

Breytingar í starfsháttum meðferðarstofnananna má rekja til margra styðjandi þátta. Þeir eru m.a. eftt innra og ytra eftirlit af hálfu barnaverndar, betri menntun starfsfólks og aðrar meðferðaráherslur, m.a. hvað snertir samstarf við foreldra og forráðamenn.

Þó að margt hafi breyst til batnaðar í meðferð barna og ungmenna er margt sem þarf enn að bæta. Sumt af því sem fram kemur hér minnir á niðurstöður rannsóknar á afdrifum barna og ungmenna sem tóku þátt í úrræði Hálandishópsins tímabilið 1989-2000, þó sérstaklega hvað

varðar skort á eftirfylgd (Sigrún Júlíusdóttir, 2002). Sumar af ályktununum hér koma einnig heim og saman við skilaboðin í skýrslum Vistheimilaneftndar, þótt þar séu forsendurnar skýrari en hér. Niðurstöðurnar könnunarinnar sem hér var kynnt og hugleiðingar um margvíslegar vísbendingar um líðan og velferð barnanna sem þar dvöldu, gefa tilefni til að álykta um hvað ber að gera:

- Dregið verði enn frekar úr áherslu á stofnanameðferð fyrir börn og ungmenni.
- Áhersla verði lögð á þróun úrræða sem lúta að því að virkja börn og ungmenni í sínu eigin þroska- og breytingaferli.
- Þróa þarf þétt, kerfisbundið samstarf við foreldra, skóla, réttarkerfi og aðrar stofnanir samfélagsins sem snerta velferð einstaklinga og fjölskyldna.
- Bæta þarf skráningu og utanumhald upplýsinga um stöðu, þarfir og úrræði í málefnum einstakra barna/ungmenna, þeirra sjálfra vegna en einnig svo lesa megi úr þeim framvindu og meta þörf á áherslubreytingum.
- Huga þarf sérstaklega að skólagöngu, náms- og þroskaþörfum barna og ungmenna til að draga úr brottfalli úr skóla og gera þau samkeppnisfær á vinnumarkaði.
- Ytra og innra eftirlit með starfsemi stofnana þarf að vera bæði samfellt og sértækt. Það fylgist með starfsháttum þjónustu og framkvæmi reglulegar úttektir og skipulegt eftirlit. Æskilegt er að ákveðin sjálfstæð og óháð stjórnvaldseining á vegum Velferðarráðuneytisins fari með þetta hlutverk.
- Hluti af eftirliti með öllu meðferðarstarfi, einkum með börnum og ungmennum, er að hafa umsjón með því að menntunarkröfu til starfsfólks sé framfylgt, persónuleg hæfni þess metin áður en til ráðningar kemur og starfsferli þeirra sé fylgt eftir með handleiðslu og endurmenntun.

HEIMILDIR

- Andreassen, T. (2003). *Behandling av ungdom i institusjoner. Hva sier forskningen?* Oslo: Kommuneforlaget AS.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2000). *Barnavernd á Íslandi. Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995 – 1999 og barnaverndarnefnda á Íslandi árin 1996 – 1999*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2001). *Ársskýrsla 2000*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2002). *Ársskýrsla 2001*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2003). *Ársskýrsla 2002*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2004). *Ársskýrsla 2003*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2006). *Ársskýrsla 2004 - 2005*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006 – 2007*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2011). *Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Bryndís S. Guðmundsdóttir. (2010). *Annarra manna börn. Viðhorf starfsmanna á stofnunum barnaverndaryfirvalda til eigin starfs*. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.
- Bryndís S. Guðmundsdóttir og Jón Björnsson. (2008). *STAÐLAR fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir. (1998). *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Forsætisráðuneytið. (2008). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumberavogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið. (2010). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 2. Könnun á starfsemi vistheimilisins Silungapolls 1950-1969, vistheimilisins Reykjahlíðar 1956-1972 og heimavistarskólans að Jaðri 1946-1973*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið. (2011). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 3. Könnun á starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1971, Unglingaheimilis ríkisins 1971-1994 og meðferðarheimilisins í Smáratúni og á Torfastöðum 1979-1994*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

-
- Hagstofa Íslands. (2011). Mannfjöldaþróun 2010 sótt 24. júní 2012 af:
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=12311>
- Hagstofa Íslands. (e.d.1) sótt 14 maí 2012 af;
<http://hagstofa.is/temp/Dialog/Print.asp?Matrix=VIN01002&timeid=2012514393362&lang=3>
- Jón Björnsson. (2008). *Afdrifakönnun hjá unglíngum sem dvöldu á meðferðarheimili Barnaverndarstofu að Háholti á tímabilinu 1999 til ársloka 2004*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Landis, J. R. og Koch, G. G. (1977). The measurement of observer agreement for categorical data. *Biometrics* 33: 159-175.
- Reglugerð með Barnaverndarstofu nr. 264/1995.
- Ríkisendurskoðun (2011). *Þjónustusamningar við Barnaverndarstofu og lok þeirra*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Sigrún Júlíusdóttir (2002). *Ævintýri á fjöllum. Rannsókn á reynslu unglínga af starfi með Hálandishópnum á tímabilinu 1989-2000*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Jóhanna Bergmann (2010). *Þjónustusamningar sem stjórnþæki við rekstur meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu*. Óbirt MPA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórnfræðideild.